

Þegar lýðræðisvæðing heimsins er skoðuð í landfræðilegu samhengi er augljóst að Mið-Austurlönd eru að dragast aftur úr hvað þróun undanfarinna áratuga varðar. Ríki heimsins sem áður reistu pólitískar stoðir samfélagsins á einræðishyggju eru í auknum mæli að snúa sér að lýðræðislegum stjórnarháttum. Þráhyggja vestrænu heimsveldanna í þessum efnum var orsök þess að nú glímur Írak við mesta viðsnúning í opinberum stjórnarháttum í sögu landsins. Fræjum lýðræðis hefur verið sáð, en spurningunni hvort pólitísk menning Íraks og islamska trúin eigi í raun samleið með vestrænu hugsjóninni er ósvarað. Markmið þessarar ritgerðar er að skoða þá lýðræðisþróun er átt hefur sér stað í Írak eftir innrás Bandaríkjahers þar árið 2003, sem og að svara því hvort að tekist hefur að koma á lýðræði í Írak. Megin niðurstöður eru að tekist hefur að koma á lýðræði í Írak að hluta til og vissir þættir lýðræðislegs stjórnarfars er þar að finna. Þó er mikið verk óunnið og enn er langt í það að Írak teljist frjálslýnt lýðræðisríki af vestrænni fyrirmynd.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Lýðræðishugtakið	3
2. Mið-Austurlönd, íslam og lýðræði	7
3. Bandaríska áætlunin	10
4. Lýðræðisvæðingin í Írak	16
<i>4.1 Pólitísk menning í Írak</i>	16
<i>4.2 Ættflokkar í íraskri pólitík</i>	18
<i>4.3 Möguleikar lýðræðis í Írak</i>	20
<i>4.4 Ástandið í dag</i>	24
5. Hugsanleg vandamál og lausnir	26
6. Framkvæmd kosninga í Írak	30
<i>6.1 Kosningar 2005</i>	30
<i>6.2 Kosningar 2009</i>	33
7. Getur Írak orðið að lýðræðisríki?	35
Niðurstöður	37
Heimildaskrá	40

Inngangur

Lýðræði er stjórnkerfi sem hlotið hefur miklar vinsældir og hefur útbreiðsla þess aukist mjög hratt um allan heim síðustu áratugi. Lýðræði hefur í auknum mæli skotið föstum rötum í ríkjum sem eiga að baki langa sögu einræðis. Mið-Austurlönd er svæði sem hefur dregist töluvert aftur úr í þessari miklu hnattrænu lýðræðisvæðingu sem átt hefur sér stað. Erfiðlega hefur gengið að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum á svæðinu, ýmsum vestrænum þjóðum til mikils ama. Vestrænar þjóðir hafa gert það sem í þeirra valdi stendur til að koma lýðræðisvæðingunni í Mið-Austurlöndum í betri farveg. Írak er eitt þeirra ríkja sem lent hefur í klóm lýðræðisþráhyggju vestrænu heimsveldanna. Bandaríkjamenn töldu heiminum öllum stafa mikil ógn af einræðisstjórn Saddams Hussein og að henni yrði að koma frá. Því hófst viðamikil áætlanagerð af hálfu Bandaríkjanna um hvernig mætti steypa Saddam og ríkisstjórn hans úr stóli og koma á lýðræði í Írak, Írökum og heiminum öllum til mikilla bóta. Brösuglega hefur þó gengið að festa lýðræðislega stjórnarhætti í sessi þrátt fyrir að Saddam Hussein sé úr sögunni.

Í þessari ritgerð mun ég fjalla um þá lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Írak eftir innrás Bandaríkjanna árið 2003. Fyrst fjalla ég um lýðræðishugtakið almennt og hvað í því felst. Þá mun ég skoða lýðræðisþróunina í Mið-Austurlöndum og hvernig lýðræði og íslömsk trúarbrögð fara saman. Þetta mun veita betri innsýn í menningar- og trúarlegan heim Íraks og hvort lýðræði eigi samleið með honum. Því næst mun ég stikla á stóru yfir þær áætlanir sem Bandaríkjamenn höfðu um lýðræðisvæðinguna og hvernig til tókst.

Umfjöllunin um lýðræðisvæðinguna í Írak mun taka á nokkrum meginþáttum. Fyrst mun ég skoða pólitíska menningu þar í landi. Pólitísk menning þjóðar getur gefið góðar vísbendingar um hvernig lýðræðisþróun þar komi til með að ganga, við hvaða vandamálum er hægt að búast og hvort lýðræðisþróunin muni taka langan eða skamman tíma. Næst fjalla ég stuttlega um ættflokkana í Írak. Írak er sundurleitt þjóðfélag og skiptist þjóðin í raun upp í ólíka ættflokka. Ættflokkar hafa löngum skipað stórt hlutverk í íraskri pólitík og er lýðræðisvæðingin þar engin undantekning. Ég mun fjalla stuttlega um stærstu ættflokkana og stöðu þeirra og áhrif á hinum pólitíska vettvangi. Því næst fjalla ég um möguleika til lýðræðisvæðingar. Ég fer yfir þá þætti sem skortir í þjóðfélaginu til þess að stöðugt lýðræði geti komist þar á. Einnig fer ég yfir hvað er

hægt að gera til að auðvelda upptöku lýðræðis í Írak. Síðan mun ég fjalla um stöðuna í Írak í dag. Hér mun ég fara yfir hvar lýðræðið stendur í Írak í dag, hvað hefur gerst síðan innrás Bandaríkjanna átti sér stað og hvort hún hafi í raun skilað einhverju til góðs.

Einnig mun ég fjalla um hugsanleg vandamál sem gætu komið upp í lýðræðisvæðingunni. Írakar hafa gengið til kosninga og kjörið ríkisstjórn sína í frjálsum kosningum en hér á eftir mun ég fara yfir kosningarnar. Ég mun einnig skoða það kosningakerfi sem stuðst var við og útkomu kosninganna. Að lokum fjalla ég um hvort Írak geti í raun og veru orðið lýðræðisríki eða hvort vonir vestrænna þjóða um lýðræðisvæðingu í Írak séu blekkingin ein.

Sú rannsóknarspurning sem ég set fram hér í þessari ritgerð og leitast við að svara er: Hefur í raun tekist að koma á lýðræði í Írak? Til að svara þessari spurningu mun ég skoða hvort kosningar hafi verið frjálsar og hvort pólitískt frelsi sé til staðar. Einnig mun ég skoða hvort grundvallar pólitísk réttindi séu virt og hvort mikla spillingu sé að finna innan stjórnsýslunnar.

1. Lýðræðishugtakið

Lýðræði hefur löngum verið talin heppilegasta stjórnarfar ríkja. Með lýðræðislegum stjórnarháttum eru réttindi borgaranna tryggð og þeir hafa mun meiri möguleika á að taka virkan þátt í stefnumótun landsins. Aukin umræða um lýðræði hefur átt sér stað á síðustu áratugum, þá sér í lagi eftir hrun Sovétríkjanna. Eflaust má rekja hana til þess að sífellt fleiri ríki heimsins, sem áður studdust við annars konar stjórnarfar, eru að taka upp lýðræðislega stjórnarhætti. Ekki eru þó allir sammála um hvað „góðir“ lýðræðislegir stjórnarhættir eru. Töluvert hefur borið á því að ríki, sem eru að taka upp lýðræðislega stjórnarhætti í fyrsta sinn, notist ekki við sama lýðræðislega stjórnarhætti og fyrirfinnst í hinum gömlu og rótgrónu lýðræðisríkjum heimsins. Lýðræði í þessum svokölluðu nýju lýðræðisríkjum virðist að minnsta kosti vera mjög ólíkt þeirri lýðræðisfyrirmynd sem hinn vestræni heimur fylgir. Til þess að þjóðfélag geti talist lýðræðislegt þurfa allir þegnar þess að eiga jafna möguleika og hafa sömu réttindi til að taka þátt í mótun samfélagsins. Þá er það í verkahring almannavaldsins að veita stuðning og skapa skilyrði til þátttöku með því að ryðja öllum hugsanlegum hindrunum úr vegi. Einnig ber því að kanna aðstæður sem lýðræði býr við og hvernig það virkar. Þess ber þó að geta að lýðræðisþjóðfélag tryggir ekki aðeins réttindi. Til þess að lýðræði geti þrífist innan þjóðfélagsins verður hver einstaklingur að taka ábyrgð á því að nýta möguleika sína til að hafa áhrif í samfélaginu. Lýðræðisþjóðfélag á nefnilega ekki aðeins að byggjast á jöfnum rétti og möguleikum þegnanna heldur líka skyldum og sameiginlegri ábyrgð allra í samfélaginu.¹

Upphaf lýðræðis má rekja aftur til Aþenu á milli árána 461 og 311 fyrir Krist og orðið lýðræði (*demokratia*) er komið úr grískri tungu og þýðir einfaldlega „stjórnað af lýðnum“. Sameiginleg niðurstaða í stóru samfélagi hefur löngum verið talið pólitískt vandamál en lýðræði er stjórnarfar sem býður upp á nothæfa úrlausn á þessu vandamáli. Lýðræðislegir stjórnarhættir byggja á jöfnum möguleika allra fullorðinna einstaklinga til þess að taka þátt í mótun samfélagsins og þeim sameiginlegu ákvörðunum sem teknar eru innan þess. Þessar ákvarðanir verða að eiga sér stað með opnum og sanngjörnum umræðum.²

¹ Kristín Ástgeirsdóttir, 2004. Bls. 81

² Hague og Harrop, 2004. Bls. 36

Það má í raun skipta nútíma lýðræðisþróun upp í þrjú mismunandi tímabil. Fyrsta tímabilið er frá 1828–1926 en þá taka meðal annars Bretland, Bandaríkin og Frakkland upp lýðræðislega stjórnarhætti. Þess má þó geta að í lok þessa tímabils urðu miklar breytingar í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar þegar mörg keisaraveldi heimsins hrundu. Næsta tímabil er 1943–1962 en þá bætast fleiri ríki í hópinn líkt og Indland, Ísrael, Japan og Vestur-Þýskaland. Þriðja og síðasta tímabilið er svo frá 1974-1991, en þá fer aftur að gæta lýðræðis sums staðar, til að mynda í Suður- og Austur-Evrópu og rómönsku Ameríku. Í þessum ríkjum höfðu lýðræðislegir stjórnarhættir fallið fyrir kommúnískum. Á sama tíma fer einnig að gæta aukins lýðræðis í hluta Afríku.³ Þrátt fyrir að langt sé liðið síðan þriðja tímabili lýðræðisvæðingarinnar lauk má í raun segja að lýðræðisvæðingin í Írak, viðfangsefni þessarar ritgerðar, sé mjög sambærilegt því ferli á margan hátt.

Þær miklu umræður um hnignun lýðræðislegra stjórnarháttanna og að lýðræði í dag sé ekki það sama og áður fyrr er hægt að rekja að stórum hluta til þriðja tímabilsins í nútíma lýðræðisvæðingunni. Fjölmörgum nýjum ríkjum, sem eru að taka upp lýðræðislega stjórnarhætti í stað þess einræðis sem áður ríkti, hefur tekist fremur illa að koma traustum stöðum undir lýðræðið og í mörgum þessara ríkja fyrirfinnst það sem kallast ófrjálst lýðræði. Mörg ríki Suður-Ameríku eru dæmi um ófrjálst lýðræðisríki.⁴

Ríkisstjórnir sem kosnar voru með lýðræðislegum hætti hafa á undanförunum árum í æ ríkari mæli virt að vettugi þau valdmörk sem stjórnarskrá viðkomandi ríkja setur þeim og þrengja þannig töluvert að grunnréttindum og frelsi borgaranna. Dæmi um slíkar ríkisstjórnir er hægt að finna í löndum allt frá Perú til Palestínu eða Sierra Leone til Slóvakíu; ófrjálst lýðræði er að aukast til muna.⁵

Lýðræðislegt stjórnarfar í hinum vestræna heimi hefur yfirleitt verið kennt við svokallað frjálst lýðræði. Slíkt kerfi byggist ekki aðeins á frjálsum og sanngjörnum kosningum heldur einnig á þeim lögum sem sett eru um þrískiptingu ríkisvaldsins og verndun á grundvallar frelsisþáttum einstaklinga, svo sem málfrelsi, fundafrelsi, trúfrelsi og eignafrelsi.⁶

³ Hague o.fl., 2004, bls. 40

⁴ Hague o.fl., 2004, bls. 43

⁵ Zakaria, 1997, bls. 22

⁶ Zakaria, 1997, bls. 22

Sífelld meira ber á forsetum sem vinsælir eru meðal almennings þrátt fyrir að þeir stjórnir samkvæmt sinni eigin sannfæringu eða tilskipunum og sneiði þannig framhjá þinginu þegar kemur að lagasetningu eða mikilvægum ákvörðunum. Dæmi um slíka forseta eru Boris Jeltsín fyrrum Rússlandsforseti, Carlos Menem fyrrum forseti Argentínu og Hugo Chávez núverandi forseti Venesúela.⁷ Með þessu eru þeir í raun að útiloka eða koma í veg fyrir framkvæmdir sem byggja á lögum stjórnarskrárinnar. Það má því segja að þessir forsetar séu nánast að ógilda stjórnarskrána því ekki virðist skipta þá máli hvað stendur í henni þegar þeir taka upp á því að stjórna samkvæmt sinni eigin sannfæringu.

Samkvæmt rannsókn sem Freedom House framkvæmdi árið 1996-1997 er um helmingur lýðræðislegra þjóða í heiminum ófrjálslyndar. Þessar tölur sýna fram á gríðarlega aukningu ófrjálslyndra lýðræðisríkja. Fyrir 19 árum síðan hefðu aðeins um 22% ríkja í lýðræðisþróun fallið undir þennan flokk. Og fyrir 17 árum var þessi tala komin í 35%. Með þessar tölur til hliðsjónar er óneitanlega erfitt að líta framhjá því að ófrjálslyndum lýðræðisríkjum er að fjölga mikið. Þess má einnig geta að í dag hafa fá ríki, sem áður töldust ófrjálslynd lýðræðisríki, orðið að frjálslyndum. Því virðist þróunin vera sú að sífelld fleiri ríki eru að laga sig að stjórnunarháttum sem byggja á töluverðu ófrjálslyndi.⁸ Lýðræðislegir stjórnarhættir hafa á undanförunum áratugum verið að taka á sig breytta mynd frá því sem áður var þrátt fyrir að hafa lengi vel haft merkinguna, „stjórnað af lýðnum“. Þessi merking lýðræðisins hefur haft hvað mesta útbreiðslu og verið viðurkennd meðal flestra fræðimanna.⁹

Opnar, frjálsar og sanngjarnar kosningar eru kjarni lýðræðishugtaksins eins og áður hefur komið fram. Samkvæmt Zakaria (1997) geta þær ríkisstjórnir sem verða til í slíkum kosningum þó allt eins verið afkastalítlar, skammsýnar, óábyrgar, stjórnað af sérhagsmunum og óhæfar til að framfylgja þeirri stefnu sem krafist er af almenningsi. Allir þessir þættir gera slíkar ríkisstjórnir óæskilegar en hins vegar ekki ólýðræðislegar. Því má segja að þótt ríkisstjórnir séu kosnar á lýðræðislegan máta er það engin trygging fyrir því að þær vinni gott verk.¹⁰ Ef ríki heldur samkeppnishæfar fjölflokka kosningar segjum við að það ríki sé lýðræðislegt. Það sýnir svo enn meira lýðræði ef þátttaka almennings þar er aukin, með til að mynda kosningarétti kvenna. Því er ekki hægt að

⁷ Zakaria, 1997, bls. 24

⁸ Zakaria, 1997, bls. 24

⁹ Zakaria, 1997, bls. 24

¹⁰ Zakaria, 1997, bls. 25

neita að kosningar verða að vera opnar og sanngjarnar og þar af leiðandi verður að verja málfrelsi og fundafrelsi en þetta er þó ekki nægjanlegt til þess að kalla ríki algjörlega lýðræðislegt. Zakaria (1997) segir: „Það að lýðræði þýði, huglægt, „góð ríkisstjórn“ gerir hugtakið rökvíslega gagnslaust“ (bls. 25).¹¹

Það má segja að ófrjálslynt lýðræði sé afsprengi samrunans milli hinnar nýju hnattrænu lýðræðisvæðingar og þeirra ólýðræðislegu hefða sem til staðar voru fyrir lýðræðisvæðinguna.¹² Tímabili frjálslyndra stjórn mála sem hófst árið 1989, er nú lokið. Við búum ekki lengur í þeim heimi sem áður var uppbyggður af skilmerkilegri andstöðu milli lýðræðis og einveldis eða alræðis. Á þessu nýja tímabili sem tók þá við, stafaði frelsinu augljós hættu af staðgenglum lýðræðislegum ríkisstjórnunum eða ríkisstjórnunum sem sögðust vera lýðræðislegar og virtust lýðræðislegar á margan hátt en stjórnðu hins vegar sem einveldis- eða alræðisstjórnir.¹³

Mið-Austurlönd eru engin undantekning frá þeirri lýðræðisvæðingu er átt hefur sér stað í heiminum á undanförunum áratugum, líkt og fjallað hefur verið um hér að ofan. Samkvæmt Saikal (2003) hafa ríkisstjórnir Mið-Austurlanda lengi verið undir miklum þrýstingi af hálfu vestræna ríkisstjórnna að innleiða einhvers konar lágmarks lýðræðiskerfi til að leggja grunn að frjálslyndu, sveigjanlegu og stöðugu þjóðfélagi. Eitt vandamál getur þó fylgt ríkjum sem styðjast við svona lágmarks lýðræði. Þar sem að stjórnarhættir eru ekki skilgreindir nægilega vel, þ.e að annað hvort sé lýðræði til staðar eða ekki getur leitt til að ríkisstjórnir leggi annaðhvort góðan grunn að frjálslyndu lýðræði, eða komi á útbreiddri valdboðsstefnu.¹⁴ Einnig heldur Saikal því fram að seinni möguleikinn hafi hingað til verið mun algengari í Mið-Austurlöndum og að leiðtogar þar hafi komið á kerfi sem virðist vera lýðræðislegt að forminu til en er í raun valdboðsstefna í framkvæmd.¹⁵ Þetta gera þeir til að tryggja áframhaldandi setu sína á valdastóli. Þar með tryggja þeir að grundvallarlögmál þrískiptingar ríkisvaldsins, pólitískt fjölræði ásamt réttindum og frelsi einstaklingsins verði ekki varin gegn einræðislegum þörfum stjórnenda. Þrátt fyrir þessar tilraunir Vesturlanda er lýðræðisþróun í Mið-Austurlöndum ekki komin jafnlangt og menn hefðu viljað.

¹¹ „To have democracy mean, subjectively, „a good government“ renders it analytically useless“ (Zakaria, 1997, bls. 25)

¹² Zakaria, 1997, bls. 26

¹³ Krastev, 2006, bls. 52

¹⁴ Saikal, 2003, bls. 168

¹⁵ Saikal, 2003, bls. 168

Lýðræðisþróun í Mið-Austurlöndum er talin vera mikilvægur þáttur í að koma á friði og stöðugleika á svæðinu. Til að mynda telja Bandaríkjamenn að með því að koma á lýðræði í Írak gæti það komið af stað nokkurs konar keðjuverkun á svæðinu og ýtt undir frekari lýðræðisþróun í nágrennalöndum þess. Því hefur þó verið haldið fram að óstöðugleikinn á svæðinu sé svo mikill að grundvöllur fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum sé varla til staðar.¹⁶

2. Mið-Austurlönd, íslam og lýðræði

Þegar hugað er að þeirri lýðræðisvæðingu sem átt hefur sér stað í heiminum síðustu áratugi heldur Basham (2004) því fram að lýðræðislegt stjórnarfar í Mið-Austurlöndum sé nánast ekki til staðar á neinn hátt. Pólitískt frelsi á þessu svæði er mjög lítið og er þetta í raun eina svæði heimsins þar sem slíkt hefur farið minnkandi síðustu kynslóðir.¹⁷ Í nýlegri könnun sem gerð var af *The Economist* um horfur á lýðræðislegum umbótum í arabaríkjum, kom í ljós að arabískum stjórnkerfum hefur nánast hvarvetna mistekist að mynda ábyrgar og hæfar ríkisstjórnir. Samkvæmt Freedom House eru íslömsk ríki þrisvar sinnum ólíklegri en önnur til að taka upp lýðræðislega stjórnarhætti.¹⁸

Margir telja að trúarbrögðin í Mið-Austurlöndum hafi hér mikil áhrif og þau séu í raun stór hindrun lýðræðisvæðingar á svæðinu. Hugsanlegt er að trúarbrögðin hafi áhrif og geti verið hindrun að einhverju leyti en mikilvægt er að hafa í huga að engir þættir íslamskrar trúar né múslimskra venja setja sig í grundvallaratriðum upp á móti lýðræði, frelsi, réttvísi, jöfnuði, sanngirni eða umburðarlyndi.¹⁹ Viss hópur múslima hafnar hugmyndinni um lýðræði vegna þess eins að þeir hafna öllu því sem telst vera vestrænt. Þetta á þó ekki við um nærri alla múslima og er stór hluti þeirra nú þegar virkur þátttakandi í lýðræðislegum þjóðfélögum víða um heim. Sá mikli fjöldi múslima sem til að mynda leggur leið sína á kjörstaði í forsetakosningum í Bandaríkjunum og þær hundruð milljóna múslima sem kjósa í t.d. Egyptalandi, Tyrklandi, Íran og Pakistan eru því til sönnunar að múslimar samþykkja og í raun fagna lýðræði. Hvað múslima varðar er engin ástæða fyrir því að íslam og lýðræði geti ekki farið hönd í hönd.

¹⁶ Saikal, 2003, bls. 169

¹⁷ Basham, 2004, bls. 2

¹⁸ Basham, 2004, bls. 2

¹⁹ Khan, 2003, bls. 85

Múslimar kunna ekki aðeins að meta lýðræði heldur er það vaxandi samhljóða álit að íslam og lýðræði séu í raun samrýmanleg.²⁰

Þessu til viðbótar má nefna að margar nýlegar rannsóknir sýna fram á bjartari tíma og meiri möguleika lýðræðis innan íslamskra hefða, iðkana og kenninga. Þessar rannsóknir hafa bæði verið framkvæmdar af íslömskum fræðimönnum sem og vestrænum stjórnmálafræðingum.²¹ Mjög misjafnar skoðanir eru uppi um hvort raunverulegur möguleiki sé til staðar fyrir lýðræðislega stjórnarhætti í Mið-Austurlöndum. En þeir sem eru allra bjartsýnastir um þróun lýðræðis á svæðinu hafa bent til frumstiga íslam. Fyrsta íslamska ríkið sem stofnað var af spámanni íslam var byggt upp á félagslegum samningi sem kallaðist stjórnarskrá Medina. Múhammed og fylgjendur hans byggðu upp stjórnarskrá Medinu til að stjórna ólíkum íbúum borgarinnar.²² Medina var fjölmenningarlegt og fjöltrúarlegt ríkjasamband. Múhammed stjórnaði ríkinu með fullu samþykki þeirra er lutu hans stjórn og stjórnkerfi hans kallaðist Shura og Ijma eða ráðaleitun og samkomulag. Stjórnarskrá Medinu staðfesti hversu mikilvægt væri fyrir borgarana að komast að samkomlagi og vinna saman; slíkt væri eina leiðin til þess að koma á ásættanlegu stjórnkerfi. Samkvæmt samkomulaginu sem ríkti í Medinu voru múslimar og aðrir trúarhópar jafningjar í hinu íslamska ríki og höfðu nákvæmlega sömu réttindi og skyldur. Samkvæmt Khan (2003) njóta samfélög sem byggja á stefnumörkun mismunandi trúarbragða svokallaðrar trúarlegrar sjálfsstjórnar sem í eðli sínu er töluvert víðara umfangs en nútíma hugmyndir um trúfrelsi. Stjórnarskrá Medinu kom á fót svokölluðu fjölhyggjusamfélagi sem hafði mörg samfélög innan eins stórs samfélags. Í stjórnarskránni kom fram að jöfnuður skyldi í hávegum hafður og allir borgarar áttu að njóta sama öryggis. Hvað varðar lýðræðisþróun í Mið-Austurlöndum gæti þetta vel verið ágætis fyrirmynd. Þetta stjórnarskrárlega fordæmi Múhammeds spámanns gefur til kynna að íslam er í raun ekki hindrun á lýðræðisvæðingunni heldur getur í þess stað verið lýðræði til hvatningar.²³

Sú hugmynd að einhvers konar einföld útgáfa af lýðræði hafi verið til staðar í Mið-Austurlöndum til forna eykur skilning okkar á framlagi þess tíma til nútíma hugmynda sem uppi eru um lýðræðisþjóðfélög og einnig sem forveri þróunarinnar á

²⁰ Khan, 2003, bls. 85

²¹ Isakhan, 2007, bls. 99

²² Isakhan, 2007, bls. 99

²³ Khan, 2003, bls. 86

hinu gríska borgríki.²⁴ Þetta er einkum mikilvægt þegar litið er til þeirrar stöðu sem nú er í Mið-Austurlöndum. Isakhan (2007) telur að stór hluti þeirrar vinnu sem fram fer við að koma á lýðræði í Mið-Austurlöndum mæli og miði bæði velgengni og misbresti við vestrænar lýðræðishugmyndir og vestræn lýðræðislíkön. Við þessar aðstæður tekur lýðræðisleg uppbygging mið af hugmyndafræðilega og sögulega vestrænu stjórnkerfi sem myndaðist við upphaf evrópskrar siðmenningar. Því er engin furða að hin vestræna fyrirmynd lýðræðis hefur mætt sterkri mótspyrnu frá ógrynni pólitískra og trúarlegra flokksklíka. Margir þessara aðila geta ekki tengt sig við þessa Evrópumiðuðu lýðræðisfyrirmynd og líta skiljanlega á útbreiðslu hennar um svæðið sem dæmi um viðvarandi yfirburði vestrænna ríkja umfram þau austrænu.²⁵

Samkvæmt Khan (2003) eru bæði ytri og innri þættir sem hindra lýðræðisvæðinguna í Mið-Austurlöndum og er utanríkisstefna Bandaríkjanna ein stærsta utanaðkomandi hindrunin. Khan telur að gagngerar breytingar á stefnu Bandaríkjanna myndu bæta horfur lýðræðisvæðingarinnar til mikilla muna. Ef lýðræðissinnar í Mið-Austurlöndum samþykkja og gangast undir nýja stefnu Bandaríkjanna, að því gefnu að bandarískum stjórnvöldum takist að sannfæra þá um góðan ásetning sinn, þá muni tregðan snúast lýðræðinu í vil og frjálstræði muni hefja sitt skeið í Mið-Austurlöndum.²⁶ Þó má setja stórt spurningamerki við það hvort það sé hlutverk Bandaríkjanna eða annarra vestrænna ríkja að þröngva lýðræðislegum stjórnarháttum upp á Mið-Austurlönd. Um er að ræða tvo algerlega ólíka menningarheima. Það stjórnarfar sem hentar til að mynda í Bandaríkjunum getur verið ólíkt því sem hentar í til dæmis Írak. Þrátt fyrir að lýðræði hafi ef til vill verið til staðar í Mið-Austurlöndum fyrir þúsundum árum þýðir það ekki að vestrænar lýðræðishugmyndir falli í góðan jarðveg í dag. Bandaríkjamenn telja hins vegar mjög mikilvægt að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum í Mið-Austurlöndum og má meðal annars rekja innrás Bandaríkjahers í Írak að einhverju leyti til þess.

²⁴ Isakhan, 2007, bls. 110

²⁵ Isakhan, 2007, bls. 111

²⁶ Khan, 2003, bls. 86

3. Bandaríska áætlunin

Ein harðasta árás sem gerð hefur verið á Íraska þjóð var framkvæmd af her Bandaríkjanna árið 2003. Hraðinn og skilvirknin sem bandaríski heraflinn ásamt þeim breska beitti til þess að eyðileggja hernaðarvirki Íraka var mun meiri en hernaðarskipuleggjendur í Washington og London höfðu þorað að vona. Miklar vonir höfðu verið bundnar við að á einfaldan hátt og áfallalaust tækist að koma öllum þeim áætlunum sem gerðar höfðu verið í framkvæmd.²⁷ Hins vegar verður að hafa í huga að stjórnarskipti líkt og þau sem Bandaríkin höfðu í bígerð skiptast í tvo meginþætti. Sá fyrri, að ráðast inn í Írak og steypa ríkisstjórninni af stóli, reyndist ógnvænlegum hernaðarmætti Bandaríkjanna tiltölulega auðvelt verk. Hins vegar er það seinni þátturinn, endurnýjun Írösku ríkisstjórnarinnar, sem hefur reynst þeim mun erfiðari og í raun hættulegri.²⁸

Vandræðagangurinn hófst í raun og veru strax í upphafi en fyrstu dagana eftir að Saddam hafði verið steipt af valdastóli átti hernaðarbandalagið mjög erfitt með að hrinda áætlunum sínum í framkvæmd og ná stjórn á landinu. Erfiðleikar voru bundnir við að byggja upp Íraska ríkisstjórn sem álitin væri lögmæt og koma á fót öryggissveitum sem myndu huga að hagsmunum Íraks fremur en einstakra samfélaga. Þeim tókst hvorki að sporna við uppreisnum sem brutust út innan samfélaga bæði súnníta og síta múslima né veita viðnám gegn áhrifum af völdum nágrannaþjóða í málefnum Íraks.²⁹ Afleiðing þessara mistaka Bandaríkjahers hefur orðið til enn frekari sundrunar og upplausnar í þjóðfélaginu.

Opinber tilraun Bandaríkjanna til að breiða út lýðræði í Írak og koma á lýðræðislegu stjórnarfari um heim allan má að mestu leyti rekja til fjögurra meginatriða: Í fyrsta lagi til að styrkja löggjöf og virðingu fyrir mannréttindum, í öðru lagi til að þróa samkeppnishæfar pólitískar aðgerðir, í þriðja lagi til að hlúa að uppbyggingunni á pólitískt virkum borgaralegum samfélögum og í fjórða lagi til að efla og stuðla að gegnsærri og ábyrgari opinberum stofnunum.³⁰

Fyrir innrás Bandaríkjanna í Írak árið 2003 lögðu þarlendir ráðamenn mikla áherslu á að umtalsverður ávinningur fælist í því að velta Saddam Hussein og

²⁷ Stansfield, 2007, bls. 159

²⁸ Stansfield, 2007, bls. 159

²⁹ Stansfield, 2007, bls. 159

³⁰ Basham, 2004, bls. 2

einræðisstjórn hans af valdastóli og setja lýðræðislegri ríkisstjórn í hennar stað. Enterline og Greg (2008) halda því fram að lýðræði í Írak myndi fyrst og fremst bæta efnahagslega og pólitíska velferð íraskra borgara og líklega yrði Írak samtímis friðsamlegra gagnvart öðrum þjóðum sem gæti orðið til þess að útrýma þeim miklu deilum sem löngum hafa logað milli ríkja í Mið-Austurlöndum.³¹ Að lokum hafa valdhafar í Bandaríkjunum haldið því fram að styrking lýðræðis í Írak gæti orðið til þess að enn frekari lýðræðisvæðing og aukin efnahagsleg velferð gæti átt sér stað í Mið-Austurlöndum, landsvæði sem sögulega hefur einkennst af einræðisstjórnnum og útbreiddri fátækt, aðstæðum sem ýta undir pólitískan óstöðugleika og deilur.³²

Hernaðaraðgerðin sem gerð var til að binda enda á valdatíð Saddams Hussein hófst með loftárásum á Bagdad að morgni 20. mars 2003. Fyrstu vikurnar í Írak að stríðinu loknu einkenndust af ringulreið og glundroða. Eignum ríkisins var markvisst rænt og þær eyðilagðar af ýmsum skæruliða- og uppreisnarhópum, en á meðan stóðu bandarískir hermenn aðgerðarlausir hjá. Þeim mistókst hið mikilvæga verkefni, að koma á lögum og reglu.³³ Um miðjan maí bjuggu Bandaríkjamenn til nýtt stjórn­tæki til stuðnings við pólitíska og efnahagslega endurreisn í Írak. Þetta stjórn­tæki var svokölluð hernámsstjórn (*e. Coalition Provisional Authority*) sem var stjórnað af mikils metnum fyrrum bandarískum diplómat að nafni Paul Bremer III.³⁴

Langdregin herseta var ekki sú aðferð sem Bandaríkjamenn ætluðu upphaflega að beita til að stjórna Írak að stríðinu loknu. Við upphaf innrásarinnar í mars 2003 væntu bandarískar hersveitir þess að þeim yrði tekið sem bjargvættum af fagnandi og himinlifandi Írökum sem fyndist þungu fargi af sér létt nú þegar Saddam Hussein væri horfinn af valdastóli. Einnig höfðu þeir bundið vonir við að fljótlega yrði hægt að koma valdinu aftur til Íraka og þá í hendur bráðabirgðaríkisstjórnar sem Ahmed Chalabi og aðrir lýðræðisfylgjandi útlagar myndu sitja. Bandaríkjamenn þurftu hins vegar fljótt að víkja frá þessum hugmyndum sínum. Þær áætlanir sem bandarísk yfirvöld og Paul Bremer höfðu gert um eftirstriðsuppyggingu og umbreytingu í Írak voru metnaðarfullar og yfirgripsmiklar. Aftur á móti tóku þær síendurteknum og stórbrotnum breytingum í ljósi þeirra aðstæðna sem áttu sér stað í raunveruleikanum.³⁵

³¹ Enterline og Greg, 2008, bls. 321

³² Enterline o.fl., 2008, bls. 321

³³ Diamond, 2005a, bls. 9

³⁴ Diamond, 2005a, bls. 10

³⁵ Diamond, 2005a, bls. 10

Á tímum Saddams Hussein voru margir áhrifamiklir menn gerðir útlægir ásamt stórum hluta hinnar háskólamenntuðu miðstéttar. Þessir aðilar tóku hins vegar að snúa aftur heim eftir fall Saddams og áttu eftir að spila stórt hlutverk í uppbyggingu hins nýja og lýðræðislega Íraks. Hluti þessara manna varð að bandamönnum bandarísku ríkisstjórnarinnar og einsettu sér að aðstoða hana við uppbygginguna.³⁶ Þessir aðilar lögðu mikla áherslu á að valdinu yrði komið yfir til íraskrar bráðabirgðaríkisstjórnar undir þeirra stjórn hið fyrsta. Þrýstingurinn á Bandaríkjastjórn var svo mikill að þeir urðu að gefa eitthvað eftir og í kjölfar þessa var bráðabirgðastjórn (*e. Iraqi Governing Council*) stofnuð í júlí 2003. Bráðabirgðastjórnin samanstóð af 25 meðlimum. Bremer gerði öllum það hins vegar mjög ljóst að hann myndi halda áfram að hafa í hendi sér æðsta valdið, þar með talið neitunarvald á allar ákvarðanir bráðabirgðastjórnarinnar. Því má segja að bráðabirgðastjórnin hafi í raun ekki verið stjórnunarþing (*e.governance council*) nema að litlu leyti. Bráðabirgðastjórninni var hins vegar falið það hlutverk að ráðleggja bandaríska landstjóranum og tilnefna ráðherra. Einnig átti bráðabirgðastjórnin að setja fram tímaáætlun um gerð nýrrar stjórnarskrár ásamt því að semja hana og staðfesta.³⁷

Vissulega var það mikilvægt hlutverk að rita nýja stjórnarskrá og var að ýmsu að huga við gerð hennar. Samkvæmt lokaskýrslu um „*Umbreytinguna til lýðræðis í Írak*“ sem gerð var af vinnuhópi um lögmál lýðræðis (*e. Democratic Principles Work Group*) ætti ný stjórnarskrá Íraks að byggja á þrískiptingu ríkisvaldsins þar sem skýr valddreifing yrði á milli löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldsins. Einnig hélt vinnuhópurinn því fram að varanleg stjórnarskrá Íraks þyrfti að innihalda skrá um borgaraleg réttindi til skilgreiningar á mannréttindum allra íraskra borgara óháð kyni, þjóðerni, trú eða pólitískri sannfæringu. Þetta frumvarp varð, samkvæmt vinnuhópnum um lögmál lýðræðis, að vera undirstaðan í stjórnarskránni til þess að tryggja verndun allra einstaklinga í Írak.³⁸

Í kjölfar ritunar nýrrar stjórnarskrár átti bráðabirgðastjórnin að sjá um að stjórna kosningum til nýrrar ríkisstjórnar.³⁹ Mikill klofningur átti sér stað innan bráðabirgðastjórnarinnar af heimspeki-, þjóðernis- og trúarlegum ástæðum. Þessi klofningur varð til þess að bráðabirgðaríkisstjórnin náði aldrei að koma sér saman um

³⁶ Diamond, 2005a, bls. 10

³⁷ Stansfield, 2007, bls 169

³⁸ Democratic principles work group, 2002, bls. 53

³⁹ Stansfield, 2007, bls 170

réttu forskrift að pólitískum umbreytingum. Einnig virtist það trufla starfsemi stjórnarinnar verulega að meðlimum hennar gramdist að hafa engin raunveruleg völd.⁴⁰

Á næstu mánuðum komu upp miklar deilur varðandi næstu skref, rödd bráðabirgðastjórnarinnar um að herseta Bandaríkjamanna væri ekki rétti kosturinn varð sífellt hærri og að hennar mati þurfti að koma á bráðabirgðaríkisstjórn hið fyrsta. Á sama tíma kröfðust margir Írakar, sérstaklega sítar, þess að kjósa ætti nýja ríkisstjórn við fyrsta tækifæri.⁴¹

Fyrstu vikurnar eftir að Bandaríkin höfðu náð völdum í Írak setti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fram áætlun sem kallaðist 15. desember áætlunin. Áætlun þessari var ætlað að veita bráðabirgðastjórninni aðhald og sjá til þess að hún setti fram tímaáætlun fyrir setningu nýrrar stjórnarskrár, líkt og áður hefur komið fram. Þegar lokafrestur 15. desember áætlunarinnar nálgast var mikið fát á stjórninni og erfiðlega virtist ganga að komast að samkomulagi. Þetta varð til þess að Bandaríkin settu fram sína eigin áætlun. Henni var svo í raun þröngvað upp á bráðabirgðastjórnina og síðan kynnt sem hin nýja 15. nóvember áætlun.⁴²

Þessi áætlun markaði mikil þáttaskil í þátttöku Bandaríkjanna í uppbyggingu hins nýja Íraks. Í fyrsta sinn útlistuðu Bandaríkjamenn metnaðarfulla tímaáætlun fyrir hina pólitísku umbreytingu sem átti að eiga sér stað og setti ákveðna dagsetningu sem marka átti lok pólitískrar hernaðarsetu Bandaríkjanna, 30. júní 2004. Samkvæmt þessari nýju áætlun átti bráðabirgðastjórnin að semja og taka upp bráðabirgðastjórnarsýslulög sem voru í raun nokkurs konar bráðabirgðastjórnarskrá. Hún átti að skipuleggja og takmarka valdið í þá 18 mánuði sem voru á milli loka hersetunnar og kosninga til nýrrar ríkisstjórnar undir leiðsögn endanlegrar stjórnarskrár.⁴³

Fyrstu kosningar til nýrrar ríkisstjórnar skyldu haldnar þann 31. desember 2005. 15. nóvember áætlunin gerði einnig ráð fyrir því að fyrir 31. maí 2004 myndi skipulagsnefnd skipuð 15 meðlimum velja fulltrúa í landsbyggðarráð í öllum 18 héruðum landsins. Hvert ráð myndi í framhaldi velja fulltrúa til setu á bráðabirgðadæpinginu (e. *Transitional National Assembly*) sem síðar myndi skipa í embætti innan ráðuneytanna sem og forsætisráðherra auk forsætisráðs, skipað þremur meðlimum. Miklar deilur risu vegna þeirrar skoðunar að þeir aðilar sem sömdu

⁴⁰ Diamond, 2005a, bls. 11

⁴¹ Diamond, 2005a, bls. 11

⁴² Stansfield, 2007, bls. 171

⁴³ Diamond, 2005a, bls. 11

stjórnarskrána ættu mun frekar að vera kjörnir fremur en skipaðir í embætti. Bandaríkjamenn létu síðar undan þessum þrýstingi og skipuðu beinar kosningar til stjórnarskrárnefndar og áttu kosningarnar að fara fram fyrir 15. mars 2005. Þessi kjörna nefnd átti að rita stjórnarskrá ríkisins fyrir lok ágúst 2005 og í kjölfar þess yrði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla henni til staðfestingar fyrir lok október sama ár. Fyrir lok ársins yrði síðan kjörin ný ríkisstjórn.⁴⁴

Það mætti segja að 15. nóvember áætlunin hafi á margan hátt verið skref í rétta átt en þrátt fyrir það brást hún með því að taka ekki á nokkrum lykilvandamálum hinnar pólitísku umbreytingar. Mörgum Írökum fannst það óþarfa viðfangsefni fyrir bráðabirgðastjórnina að stjórna kjöri fulltrúa til setu á bráðabirgðaðinginu þar sem skipulagsnefndirnar yrðu kosnar af þremur ólíkum aðilum; landsbyggðarráðinu, bæjarstjórnnum fimm stærstu sveitarfélagana og Þjóðstjórninni (e. *National Governing Council*). Allir þessir aðilar voru að stærstum hluta skipaðir af bráðabirgðastjórninni.⁴⁵

Vegna þess hve hratt 15. nóvember áætlunin var þróuð og skipulögð af Bush ríkisstjórninni og síðar framseld til bráðabirgðastjórnarinnar var hún aldrei borin undir stóran hluta írösku þjóðarinnar og gaf þar af leiðandi Írökum enga tilfinningu fyrir hlutdeild í hinn nýju umbreytingaráætlun. Einverjar breytingar og aðlaganir voru gerðar við bæði 15. nóvember áætlunina sem og aðrar áætlanir en allar voru þær þó gerðar með semingi. Samkvæmt Diamond (2005a) voru allar áætlanir Bandaríkjamanna undantekningalaust seinar og ófullnægjandi. Þetta má aðallega rekja til þess að Bandaríkin ráðfærðu sig ekkert við íraskan almenning við þróun þeirra. Þetta varð einungis til þess að styrkja hið miðstýrða pýramída skipulag sem einkenndi viðveru Bandaríkjamanna í Írak að stríðinu loknu.⁴⁶

Í janúar 2004 var það orðið ljóst að 15. nóvember áætlunin stæði höllum fæti. Einnig höfðu alvarleg vandamál skotið upp kollinum vegna áætlana um að skipa bráðabirgðaríkisstjórn með óbeinum flokkstjórnarfundum fremur en með beinum kosningum. Deilur um hvað væri best að gera og hvaða áætlunum væri best að fylgja urðu til þess að sérstakur sendifulltrúi frá Sameinuðu þjóðunum að nafni Lakhdar Brahimi var fenginn til að koma á málamiðlunum og stýra málum í réttan farveg. Þess má geta að Brahimi er einn virtasti samningamaður sem starfað hefur á vegum Sameinuðu þjóðanna og því má segja að það sé sterk yfirlýsing af þeirra hálfu að senda

⁴⁴ Diamond, 2005a, bls. 12

⁴⁵ Diamond, 2005a, bls. 12

⁴⁶ Diamond, 2005a, bls. 12

hann í þetta verkefni. Það var ekki talið mögulegt að halda trúverðugar og lögmætar ríkisstjórnarkosningar áður en formlegri pólitískri hersetu Bandaríkjanna átti að ljúka 30. júní 2004. Því var ákveðið að skipa tímabundna ríkisstjórn sem tæki við völdum í stuttan tíma þann 30. júní. Kosningar til bráðabirgðaríkisstjórnar yrðu svo haldnar eins fljótt og auðið væri eftir það en eigi síðar en 31. janúar 2005.⁴⁷ Það má fullyrða að hugmyndaríkar og skjótar málamiðlanir af hálfu Brahimis sendifulltrúa hafi bjargað pólitískri umbreytingu Íraks og gert möguleikann á að yfirfæra valdið til tímabundinnar ríkisstjórnar 28. júní 2004 að veruleika. Þetta gerði hann með því að koma á jafnvægi milli hagsmuna Bandaríkjanna, bráðabirgðastjórnarinnar og annarra lykilstofnana. Í júní hafði kosningaeftirlit Sameinuðu þjóðanna (e. *UN electoral-assistance mission*) skipað óháðu írsku kosninganefndina (e. *Iraqi independent electoral comission*) en hún saman stóð af sjö meðlimum sem allir voru án nokkurra tengsla við stjórnmalaflokkana í landinu.⁴⁸

Stjórnmalaflokkar landsins tóku að móta stefnur sínar og undirbúa sig fyrir komandi kosningar. En þrátt fyrir það komu áframhaldandi hryðjuverk og uppreisnarofbeldi í veg fyrir þá efnahagslegu endurbyggingu sem vonast var eftir og gróf þetta undan trausti Íraka í garð hinnar nýskipuðu tímabundnu stjórnar. Þetta varð til þess að upp komu alvarlegar efasemdir um getu þjóðarinnar til að halda kosningar fyrir 31. janúar sem yrðu nægjanlega lögmætar, gegnsæjar, sanngjarnar og án alls ofbeldis.⁴⁹

Við lok stríðsins var íraska þjóðin í miklu áfalli og Írak var, að sjálfstæðu svæði Kúrda undanskildu, samfélag með niðurbrotið hagkerfi sem stóð á barmi ringulreiðar og glundroða. Skortur á pólitískum stofnunum, þjóðfélagslegri sameiningu og starfandi öryggisfyrirvöldum, ásamt óteljandi tilvika árása og rána sýnir glöggt að stríðið við Írak hafi breytt mjög völdugu en kúguðu ríki í brotið þjóðfélag á mjög stuttum tíma.⁵⁰ Þrátt fyrir að Bandaríkjamenn hafi eflaust unnið verkið sem best þeir gátu þá var það einfaldlega ekki nóg. Verkefnið var mun meira krefjandi en þeir bjuggust við og eflaust hafa þeir haldið að það yrði mun auðveldara að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum í Írak en raun bar vitni. Það verður þó að halda í þá von að starf Bandaríkjahers hafi skilið eitthvað eftir sig. Þrátt fyrir að þeim hafi ekki tekist að koma á lýðræði á fáeinum

⁴⁷ Stansfield, 2007, bls. 173

⁴⁸ Diamond, 2005a, bls. 12

⁴⁹ Diamond, 2005a, bls. 13

⁵⁰ Hippler, 2005, bls. 84

mánuðum hefur grunnurinn verið lagður og nú mun tíminn einn leiða í ljós hvort lýðræði komi til með að festa rætur í Írak.

4. Lýðræðisvæðingin í Írak

4.1 Pólitísk menning í Írak

Til þess að skilja betur möguleikana á upptöku lýðræðislegra stjórnarháttanna í Írak skiptir miklu máli að gera grein fyrir og skilja pólitíska menningu þar í landi. Hornsteinn lýðræðisins eru menningarleg gildi. Ef lýðræði á að geta þrífist til lengri tíma þarf að vera til staðar sérstök pólitísk menning. Pólitísk menning mótar lýðræði mun frekar en að lýðræði mótar pólitíska menningu⁵¹

Stjórnmálasaga Íraks er mjög blóðug og einkennist af miklu ofbeldi. Ofbeldi á milli ríkisstjórnarinnar og skipulagðra öfgahópa sem veita yfirvaldinu mótspyrnu hafa verið mjög áberandi. Ofbeldi hefur einnig verið notað til að koma í veg fyrir stjórnarskrárbreytingar en slíkt á sér langa sögu í Írak. Uppreisnir í Írak frá 6. áratugnum hafa verið mun blóðugri en þær sem átt hafa sér stað í arabískum nágrannaþjóðum.⁵²

Í Írak er litla lýðræðislega sögu að finna og fæstum nágrönnum þess hefur gengið mikið betur. Það eru augljóslega sterk öfl í Írak sem vinna gegn lýðræðislegri uppbyggingu í landinu. Samkvæmt Dobbins o.fl. (2003) hafa rannsóknir engu að síður sýnt fram á að hægt sé að ná fram lýðræðislegum umbreytingum með aðstoð hernaðar. Því er engin ástæða fyrir því að Írak geti ekki orðið að lýðræðisríki og komið á laggirnar lýðræðislegum stofnunum og fjölhyggju stjórnarháttum. Hvort tekst að halda þeim lýðræðislegum er annað mál. Það eru hins vegar nokkrar ástæður fyrir því að lýðræðisvæðingin muni hvorki vera auðveld né ganga hratt fyrir sig.⁵³

Basham (2004) telur að í Írak líkt og í mörgum nágrannalöndum þess eru þeir þættir, sem eru hvað mikilvægastir í uppbyggingu borgaralegs samfélags, annað hvort ekki til staðar eða skertir vegna áratuga vanrækslu. Samkvæmt Basham gæti því tekið Íraka nokkurn tíma að læra það gagnkvæma umburðarlyndi og þann sjálfsaga sem þarf til í lýðræðislegu stjórnkerfi. Íraskt samfélag hefur sætt illri meðferð um langan tíma, hvort sem er undir nýlendustjórn, konungsstjórn, arabískri þjóðernisstefnu eða fasista byltingu. Í samfélagi sem þessu mælast tölur um hluti eins og pólitískt traust og

⁵¹ Basham, 2004, bls. 1

⁵² Dobbins o.fl., 2003, bls. 171

⁵³ Dobbins o.fl., 2003, bls. 203

vinsældir við pólitískt frelsi og jafnrétti kynjanna langt undir meðallagi miðað við það sem er að finna í öllum viðurkenndum lýðræðisríkjum.⁵⁴

Íraskar konur eru undirokaðar í ströngu samfélagi feðraveldis sem segir til um hvenær og hvar konur mega láta sjá sig, hverjum þær mega giftast og undir hvaða kringumstæðum þær mega skilja. Basham (2004) telur að þegar á heildina er litið munu menningar- og trúarlegir þættir koma til með að hindra lýðræðisvæðinguna í Írak þar sem hvorugt hvetur til pólitísks frelsis né hlúir að því. Vegna þessa mun ferlið taka mun lengri tíma en ella.⁵⁵

Flestir Írakar líta á pólitískar stöðuveitingar til skyldmenna sem siðferðislega skyldu frekar en vandamál. Einstaklega sterk fjölskyldutengsl, sérstaklega tíðni giftinga milli frændsystkina getur verið veruleg hindrun fyrir frjálstlynt lýðræði. Bandaríkjamenn og aðrir vestrænir íbúar skilja ekki hversu frábrugðnar íraskar venjur eru þeirra venjum, meðal annars vegna giftinga skyldmenna sem þar tíðkast. Málið er einfaldlega að Írakar og íbúar vestrænna þjóða líta heiminn með allt öðrum augum.⁵⁶

Dobbins o.fl. (2003) telja að skortur á lýðræðislegri reynslu og hefðum einræðisstjórn mála geti skapað nokkuð stórt vandamál. Þjóðin þekkir ekki lýðræði því hún hefur aldrei búið við það. Vegna þessa mun taka langan tíma að koma á ásættanlegu lýðræðiskerfi í Írak; pólitísk menning þar er ekki undirbúin fyrir slíka stjórnarhætti.⁵⁷ Einnig halda þau því fram að sú staðreynd að ómögulegt er að ná samkomulagi um valdaskiptingu á milli helstu þjóðlegru, trúar- og ættflokks hópa landsins skapað mjög stórt vandamál. Lítil miðstétt og ungir íbúar með litla reynslu af hinum ytri heimi stuðlar ekki að góðu umhverfi fyrir lýðræðisvæðingu. Ýmsar valdaklíkur munu berjast gegn því að valdið verði tekið úr þeirra höndum.⁵⁸

Þrátt fyrir að pólitísk menning í Írak sé mjög frábrugðin pólitískri menningu á Vesturlöndum þýðir ekki að lýðræði eigi engan möguleika og geti aldrei skotið þar föstum rótum. Hins vegar þarf að gefa þjóðfélaginu tíma til þess að meðtaka nýtt stjórnarfyrirkomulag. Lýðræðisleg menning er ekki til staðar í Írak, en fyrst svo er þarf einfaldlega að byggja slíka menningu upp. Vert er að huga að því að lýðræði varð ekki til á einni nóttu heldur hefur það þróast á mjög löngum tíma. Því er mikilvægt að við leyfum lýðræðislegri pólitískri menningu að byggja sig upp hægt og rólega og leggja

⁵⁴ Basham, 2004, bls. 5

⁵⁵ Basham, 2004, bls. 5

⁵⁶ Basham, 2004, bls. 6

⁵⁷ Basham, 2004, bls. 6

⁵⁸ Dobbins o.fl., 2003, bls. 203-204

þannig grunn að góðu og stöðugu lýðræðisríki í stað þess að koma á lélegu og afkastalitlu lýðræðisríki á nokkrum árum.

4.2 Ættflokkar í íraskri pólitík

Þjóðerni hefur löngum spilað stórt hlutverk í íröskum stjórnámálum og byggir pólitísk menning landsins að stórum hluta á hlutverkum ættflokka. Tveir stærstu þjóðernishóparnir í Írak eru arabar og Kúrdar en þeir skiptast einnig upp í ólík trúarbrögð. Innan íslam eins þessara trúarbragða eru sítar og súnnítar ráðandi. Súnnítar réðu ríkjum í íröskum stjórnámálum frá þriðja áratugnum allt til innrásar Bandaríkjamanna árið 2003. Kúrdum sem einnig búa í Tyrklandi, Íran og Sýrlandi hefur tekist í fyrsta sinn í nútíma sögu Mið-Austurlanda að spila afgerandi hlutverk í íraskri pólitík og sjálfstjórn.⁵⁹

Í Írak er að finna um tvö þúsund ættflokka og tilheyrir að minnsta kosti einn þriðji hluti þjóðarinnar einhverjum þessara ættflokka. Þegar Ba'ath flokkurinn tók við völdum árið 1963 vísaði hann hlutverki ættflokka á bug við uppbyggingu á nýju pólitísku kerfi. Fyrir hinni nýju Ba'ath stjórn voru ættflokkar hefðbundnar einingar sem höfðu engu hlutverki að gegna í uppbyggingu á nútímaríki, sem stjórna átti með eins flokks kerfi og hugmyndafræði sem í grunninn var byggð á arabískri þjóðernisstefnu eins og stofnendur Ba'ath flokksins skilgreindu hana. Ríkisstjórnir frá árunum 1921-1958, hvort sem þær voru konunglegar eða lýðveldislegar höfðu þetta sama viðhorf í garð ættflokka. Hins vegar breyttist þetta viðhorf á 9. áratugnum undir stjórn Ba'ath flokksins og Saddams Husseins en það gerðist þegar ríkisstjórnin þarfnaðist hervæðingar ættflokka í stríðinu við Íran. Eftir síðara Persaflóastríðið fór Saddam að reiða sig meira á súnníta ættflokka til þess að vernda landið og umdæmi ættflokka fyrir alríkinu. Mismunandi svæði landsins voru úthlutað til mismunandi ættflokka fyrir öryggisgæslu í skiptum fyrir sjálfstjórn og fjárhagslega umbun. Með því að styrkja völd ættflokka skapaði Saddam mikla spennu á milli súnníta og síta samfélagana.⁶⁰

Til lengri tíma hefur súnníta ættflokkurinn unnið markvisst gegn pólitískum uppgangi síta ættflokksins og í raun og veru útilokað þátttöku hans á pólitískum vettvangi. Innrás Bandaríkjanna árið 2003 veitti hins vegar sítum sögulegt tækifæri til

⁵⁹ Noorbaksh, 2008, bls. 53

⁶⁰ Noorbaksh, 2008, bls. 55

þess að taka þátt í íraskri pólitík og nota völd sín sem meirihluti þjóðarinnar til þess að hafa áhrif á stjórnsmál framtíðarinnar og stjórna ríkisstjórninni.⁶¹

Þegar fullveldið var yfirfært til Íraka stóðu sítar frammi fyrir sögulegu tækifæri og verkefni að umbreyta sögu Íraks sér í hag. Allt frá fyrstu dögum bandarísku innrásarinnar og hersetu varð síta flokkurinn mjög mikilvægur óformlegur hópur. Skipuleggjendur þessa óformlega hóps trúðu því að sítar þyrftu að skipuleggja sig og setja fram heildstæða afstöðu um áriðandi pólitísk málefni í Írak að lokinni hersetu.⁶²

Sítar mynda meirihluta írösku þjóðarinnar og hafa í dag öðlast pólitískt vald í fyrsta sinn í meira en 1300 ár. Umfram allt er það vilji margra síta að viðhalda þessu valdi. Hins vegar hefur gjá myndast innan raða stórs hluta bandalags þeirra og kallast þessi klofningur Sameinaða Íraska Bandalagið (*e. United Iraqi Alliance*). Flokksklíkur síta standa í baráttu um völd í héruðum, ráðuneytum og í raun öllu Írak. Þeir hafa átt í erfiðleikum með að halda saman breiðu og sundurleitu bandalagi og hefur það leitt til þess að margir fræðimenn telja að leiðtogar síta séu í gíslingu öfgakenndra skoðana og viðhorfa. Það ríkir mikil tregða innan raða síta um að komast að pólitískri málamiðlun við súnníta eða að afvopna uppreisnarsveitir síta.⁶³

Súnníta aröbnum finnst þeir hafa verið leystir af hólmi vegna missis á hefðbundinni valdastöðu þeirra í Írak. Þeir eru óvissir um hvort þeir eigi að ná markmiðum sínum fram með pólitískri þátttöku eða með ofbeldisfullum uppreisnum. Þeir eru enn reiðir yfir ákvörðun Bandaríkjanna að leysa upp öryggissveitir Íraka og hrekja alla fyrrum meðlimi Ba'ath flokksins út úr stjórnsýslunni og samfélaginu. Súnnítar standa andspænis miklum þversögnum. Þeir hafa verið á móti veru bandarískra hersveita í Írak en þarfnast þeirra hins vegar til að vernda þá fyrir uppreisnarsveitum síta. Þeir ergja sig yfir því að vera stjórnað af meirihlutastjórn skipaðri sítum en hafna samt sem áður hugmyndum um ómiðstýrt sambandsríki og telja sjálfstætt hérað súnníta ekki mögulegt.⁶⁴

Íraskir Kúrdar hafa tryggt sér landsvæði í norðri sem er að stórum hluta undir þeirra sjálfstjórn, og kallast þetta landsvæði Kúrdistan. Einnig hafa þeir áunnið þjóðernishóp sínum mikilmetið hlutverk innan þjóðstjórnarinnar. Barzani leiðir héraðsstjórn Kúrda og Talabani er forseti Íraks. Leiðandi kúrdískir stjórnsmálamenn hafa

⁶¹ Noorbaksh, 2008, bls. 58

⁶² Noorbaksh, 2008, bls. 58-60

⁶³ Baker o.fl., 2006, bls. 13

⁶⁴ Baker o.fl., 2006, bls. 15

sagt að þeir vilji frekar að Írak sé lýðræðislegt sambandsríki vegna þess að sjálfstætt Kúrdistan yrði umkringgt óvinveittum og fjandsamlegum nágrönnum. Samt sem áður aðhyllist meirihluti Kúrda sjálfstætt Kúrdistan. Kúrdar hafa sína eigin öryggissveit sem býr yfir 100.000 manna herliði. Þeir trúá því að þeir gætu sætt sig við hvort heldur sem er, sameinað eða sundrað Írak.⁶⁵

Þessum ólíku hópum innan stjórnkerfis Íraks hefur gengið illa að komast að samkomulagi og vinna saman. Miklar deilur sem rekja má langt aftur í söguna veldur titringi á milli hópanna og gerir það að verkum að þeir berjast um völdin og hugsa frekar um hagsmuni þess hóps sem þeir tilheyra umfram hagsmuni þjóðarinnar í heild sinni.

4.3 Möguleikar lýðræðis í Írak

23. september árið 2003 lýsti George W. Bush því yfir að sem lýðræðislegt þjóðfélag myndi Írak hafa í höndum sér gífurlegt vald til að fylla Mið-Austurlönd andagift og leiða svæðið inn í nýja lýðræðislega tíma. Þessi orð forseta Bandaríkjanna gefa til kynna að ekki séu einungis horfur til lýðræðisvæðingar Íraks nokkuð góðar heldur muni landið verða öðrum arabþjóðum til fyrirmyndar og hvetja þær til upptöku á lýðræðislegum stjórnarháttum.⁶⁶ Fræðimenn hafa staðið í miklum deilum þegar kemur að umræðunni um hversu góður jarðvegur sé fyrir lýðræði í Írak. Sumir halda því fram það verði auðvelt að koma á lýðræði í Írak, aðrir telja það mögulegt en það verði vissulega erfitt. Svo eru enn aðrir sem telja það illmögulegt að bola burtu löngum hefðum einræðisstjórna og koma á vestrænu lýðræði þess í stað.⁶⁷

Samkvæmt Dobbins o.fl. (2003) er í raun ekkert samhljóða álit um hvert eðli írösku þjóðarinnar sé, stjórnarhættir eru klofnir og í mikilli óreiðu og einnig eru þar miklar þjóðlegar og trúarlegar deilur. Írak er óstöðugt og ólýðræðislegt svæði og er umkringgt nágrannaríkjum sem munu hegða sér fjandsamlega við lýðræðisvæðingu í Írak.⁶⁸ Dobbins o.fl segja Írak standa frammi fyrir þeim vanda sem fylgir því þegar þjóðfélag stígur út úr löngu tímabili alræðisstjórnunar. Það þarf að umbreyta og gera mjög róttækar hreinsanir í hernum, öryggisgæslu og skrifstofuveldinu. Efnahagskerfið

⁶⁵ Baker o.fl., 2006, bls. 16

⁶⁶ Basham, 2004, Bls 1

⁶⁷ Basham, 2004, Bls 2

⁶⁸ Dobbins o.fl., 2003, bls. 168-169

þarfnast gríðarlegra lagfæringa til þess að það geti verið samkeppnishæft á alheimsmörkuðum.⁶⁹

Það hefur löngum verið talið nokkuð erfitt að vera bjartsýnn um möguleika á lýðræðisvæðingu í Írak, nánar tiltekið möguleikann á að byggja upp stöðugt frjálslýnt lýðræðiskerfi til styttri eða lengri tíma. Svartsýni sem þessi á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til sögu þjóðarinnar. En einnig telur Basham (2004) að þær aðstæður sem valda því að lýðræði nái að festa rætur og blómstra í sumum þjóðfélögum sé hreinlega ekki til staðar í Írak. Þess má geta að þegar litið er til nútímasögu Íraks er hvergi að finna lýðræðislega stjórnarhætti. Allt frá stofnun ríkisins á 3. áratug 20. aldar hafa Írakar hvað eftir annað orðið vitni að bæði risi og falli hrottalegra og valdboðsinnaðra ríkisstjórna sem miskunnarlaust börðust fyrir því að halda völdum.⁷⁰

Samkvæmt Basham (2004) þurfa þrjú þættir að vera til staðar til að byggja upp frjálslýnt lýðræði. Kerfi sem byggir á þingræði, skipulag sem uppbyggt er á frjálslýndum, pólitískum reglum og gildum og félags- og stofnanafjölhyggju. Skilyrtur stuðningur við fulltrúaríkisstjórn án stuðnings við frjálslýndar pólitískar reglur og gildi og án undirstöðu fjölhyggju borgaralegs samfélags er ekki fullnægjandi hvatning fyrir lýðræði.⁷¹ Það er mikilvægt að hafa í huga, þegar verið er að byggja upp lýðræðislegt stjórnkerfi, að margir þættir hafa áhrif á hversu vel til tekst.

Líkt og áður hefur komið fram spilar pólitísk menning þjóðarinnar hér mjög stórt hlutverk. Undirstöðurnar í nútímalýðræði og pólitískri menningu eru ekki stofnanalegar í eðli sínu. Undirstöðurnar eru ekki kosningar, stjórn málaflakkar eða löggjafarsamkundan. Basham (2004) telur undirstöður lýðræðis mun frekar vera menningarleg gildi. Með öðrum orðum, ef lýðræðislegar stofnanir eiga að geta fest rætur til langs tíma þarf að vera til staðar í þjóðfélaginu viss pólitísk menning. Fyrst ber þar að nefna pólitískt traust sem felur í sér þá forsendu að andstæðingar muni sætta sig við þær reglur sem fylgja lýðræðislegu verkferli og afsala sér valdi sínu ef viðkomandi tapar í kosningum. Lítið pólitískt traust tengist oft þjóðfélögum sem stuðst hafa við valdboðsstefnu líkt og fyrirfinnst í Írak. Í öðru lagi skiptir félagslegt umburðarlyndi miklu máli þ.e. viðurkenning á yfirleitt óvinsælum minnihlutahópum t.d. samkynhneigðum.⁷² Lýðræðisvæðing er ferli sem í grundvallaratriðum er knúið áfram

⁶⁹ Dobbins o.fl., 2003, bls. 168-169

⁷⁰ Basham, 2004, Bls. 2

⁷¹ Basham, 2004, Bls. 3

⁷² Basham, 2004, Bls. 4

af borgurum ríkja. Einungis þeir geta stuðlað að þeim hugsunarhætti og því viðhorfi sem þarf að vera til staðar til að tryggja að réttindi minnihlutahópa séu virt. Í þriðja lagi þarf að vera til staðar viðurkenning á grunnpólítísku frelsi líkt og málfrelsi og almennri þátttöku við ákvarðanatöku. Í fjórða og síðasta lagi skiptir miklu máli að stuðningur sé við jafnrétti kynjanna.

Rannsóknir hafa leitt það í ljós að þegar kemur að viðhorfi til kynjajafnréttis þá sé mikil og djúp gjá á milli íslamskra og vestrænna þjóða. Svo virðist sem trúarleg arfleifð íslams sé áhrifamikil hindrun fyrir jafnrétti kynjanna. Lýðræði getur ekki þrífist í þjóðfélagi þar sem meira en helmingi íbúanna er neitað um grundvallar lýðræðisleg réttindi.⁷³ Írak stendur augljóslega frammi fyrir mörgum vandamálum í lýðræðisvæðingunni og margir telja möguleikann nánast ekki til staðar. Hins vegar er mjög mikilvægt að einblína ekki einungis á neikvæðu þætti málsins. Íraskt þjóðfélag hefur í raun margt til brunns að bera og skiptir miklu máli að nýta þá jákvæðu þætti sem til staðar eru til uppbyggingar á lýðræðislegu þjóðfélagi í Írak.

Þegar tók að líða á árið 2008 fullyrti Bush stjórnin að pólitískar sættir í Írak væru vel á veg komnar og vitnaði þá til þess að framkvæmdir á nánast öllum helstu löggjafarstöðlum væru í góðum farvegi. Hins vegar halda bandarískir embættismenn því enn fram að umfang og varanleiki þessara sáttu muni að stórum hluta fara eftir því hvernig þau lög, sem tekin verða í gildi, verða framkvæmd. Og einnig að auknar málamiðlanir í deilum og ágreiningi milli héraða muni eiga sér stað. Könnun sem gerð var í júní 2008 af Ríkisendurskoðun Bandaríkjanna (*e.Government Accountability Office*) leiddi í ljós að löggjöf fram að þeim tíma hafði takmörkuð áhrif til að bæta missætti í íraskri pólitík.⁷⁴

Þrátt fyrir að mikil neikvæðni ríki í garð lýðræðisvæðingarinnar í Írak má segja að jarðvegurinn fyrir lýðræði þar sé ekki eins ófrjór og á mörgum þeim stöðum þar sem lýðræði hefur skotið föstum rótum. Íraska þjóðin er læs og skrifandi og auður þjóðarinnar er umtalsverður.⁷⁵ Ýmsar félags- og hagfræðilegar mælingar sem fræðimenn nota til þess að meta möguleikann á að lýðræði nái árangri gefa til kynna að Írak hafi nokkuð góðar undirstöður til þess að komast í gegnum hin pólitísku umskipti sem eru að eiga sér stað. Mælingar á lykilþáttum, eins og tekjum á mann, lestrar- og skriftarkunnáttu, hlutfalli lestrar- og skriftarkunnáttu kynjanna og þéttbýlisþróun, hafa

⁷³ Basham, 2004, bls. 4

⁷⁴ Katzman, 2009, bls. 3

⁷⁵ Byman og Pollack, 2003, bls. 124

sýnt fram á sambærilegar niðurstöður og í mörgum öðrum ríkjum sem hafa gengið í gegnum umbreytingar úr einræði yfir í lýðræði. Dæmi um slík ríki eru Banglades, Bólvía og Kenía.⁷⁶ Hafa verður í huga að lestrar- og skriftarkunnátta og viss verg landsframleiðsla leiðir ekki sjálfkrafa til lýðræðis. Samt sem áður á óvissan um hvað veldur lýðræði einnig við um það hvað hindrar það. Lýðræði hefur sprottið upp á ólíklegustu stöðum líkt og í Rómönsku Ameríku og Suður- og Suðaustur Asíu.⁷⁷

Vert er að nefna að nokkrum lýðræðislegum áföngum hefur verið náð í kúrdíska norðurhluta Íraks og hefur það orðið til þess að fækka röddum þeirra sem telja að Írak geti ekki orðið lýðræðislegt. Umkringdir innbyrðis deilum og efnahagslegu raski ásamt öðrum vandamálum hafa Kúrdar engu að síður komið á nokkuð stöðugu formi valdskiptingar. Spilling og ættflokkasamfélagið er enn vandamál en Kúrdistan hefur tekið miklum framförum. Á staðbundna stiginu hafa kosningar verið frjálssar og samkeppnishæfar og fjölmiðlar hafa umtalsvert frelsi. Grundvallar borgaraleg réttindi eru tryggð og skrifstofuveldið er ábyrgt. Fjölræði ef ekki fullgilt lýðræði er til staðar í Kúrdistan samkvæmt Byman og Pollack (2003) og virkar nokkuð vel. Ef Kúrdistan hefur tekist að byggja upp lýðræðislegt samfélag sem virðist virka vel ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að slíkt hið sama geti líka gerst í Írak. Hugsanlega ætti íraska ríkisstjórnin að taka sér samfélag Kúrdistan til fyrirmyndar.⁷⁸

Í raun og veru hefur Írak nokkra yfirburði sem myndu stuðla að vel heppnaðri tilraun til þess að byggja upp lýðræði. Það má segja að Írak sé best til þess fallið af öllum arabaríkjunum hvað varðar bæði náttúrulega og félagslega eiginleika. Til viðbótar við gífurlegan olíuauð eru aðstæður til landbúnaðar gríðarlega góðar. Þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum mikla efnahagslega erfiðleika síðustu áratugi getur þjóðin státað af mörgum læknum, prófessorum og lögfræðingum. Saman gætu þeir myndað grunn að endurreisn miðstéttar í Írak og þar af leiðandi orðið mikilvægur þáttur í uppbyggingu lýðræðisins.⁷⁹

Vissulega er á mörgu að taka og gríðarlega miklar breytingar þurfa að verða á írösku samfélagi til þess að upptaka lýðræðis sé möguleg. Hins vegar er alltof stutt liðið á lýðræðisvæðinguna til þess að útiloka neitt. Möguleikarnir eru vissulega til staðar og er það undir írösku þjóðinni komið hvort hún nýtir alla þá möguleika sem til staðar eru

⁷⁶ Byman og Pollack, 2003, bls. 124

⁷⁷ Byman og Pollack, 2003, bls. 124

⁷⁸ Byman og Pollack, 2003, bls. 125

⁷⁹ Byman og Pollack, 2003, bls. 125

til þess að styrkja stóðir lýðræðisins og koma á slíkum stjórnarháttum í eitt skipti fyrir öll.

4.4 Ástandið í dag

Samkvæmt Baker o.fl. (2006) er engin trygging fyrir því að vel takist að koma á lýðræði í Írak. Ástandið í Bagdad sem og öðrum héruðum landsins er alvarlegt. Saddam Hussein hefur verið komið frá völdum og íraska þjóðin hefur lýðræðislega kjörna ríkisstjórn sem starfar í umboði breiðs hóps íbúa Írak. En þrátt fyrir það hefur ríkisstjórninni ekki tekist að stuðla nægilega að þjóðarsátt, sjá fyrir grundvallaröryggi íbúa eða sjá um að grundvallarþjónusta sé til staðar. Ofbeldisstigið er mjög hátt og vex með hverjum deginum og mikið er um þjáningar hjá almenningi og daglegt líf margra Íraka hefur lítið sem ekkert lagast.⁸⁰ Svartsýni er allsráðandi. Þrátt fyrir að margir Írakar hafi lagt óvenjulega mikið af mörkum og fórnað miklu fyrir betri framtíð virðist geta Bandaríkjanna til að hafa áhrif á atburðarásina fara dvínandi vegna vaxandi óstöðugleika. Skorturinn á öryggi hindrar efnahagslega þróun og uppbyggingu. Flest lönd á svæðinu eru ekki að spila uppbyggilegt hlutverk í stuðningi sínum við Írak og sum eru jafnvel að grafa undan þeim litla stöðugleika sem til staðar er.⁸¹

Einnig segja Baker o.fl. (2006) að öryggi í Írak sé mjög ábótavant og virðast hersveitir Bandaríkjanna lítið geta gert til þess að bæta ástandið og hefur árásum á þær fjölgað mikið. Ofbeldi eykst bæði hvað varðar umfang, margbreytileika og manndauða. Ofbeldi af völdum félagá í sérstrúarhópum er að stærstum hluta orsök fyrir dauða almennings. Samkvæmt Baker o.fl er Írak fast í hættulegri hringrás. Uppreisnarárásir súnníta eru kveikjan að stórfelldum hefndaraðgerðum síta og öfugt. Sú skynjun að óhindrað ofbeldi hvetji uppreisnarsveitir skekur traust til ríkisstjórnarinnar og verður til þess að Írakar flýja til þeirra staða þar sem trúbræður þeirra eru í meirihluta og þar sem þeim finnst þeir í minni hættu. Stöðugleika, bæði til skemmri og lengri tíma, stafar veruleg ógn af þátttöku uppreisnarsveita síta í trúarlegu ofbeldi.⁸² Uppreisnarsveitirnar eru fjölbreyttar, sumar þeirra eru tengdar ríkisstjórninni, sumar eru mjög staðbundnar og sumar starfa að öllu leyti utan lagarammans. Uppreisnarsveitir þessar eru mjög óstöðugar og aukin skipting og klofningar í valdauppbyggingu þeirra er að slíta þær í

⁸⁰ Baker o.fl., 2006, bls. 1

⁸¹ Baker o.fl., 2006, bls. 1

⁸² Baker o.fl., 2006, bls. 3

sundur. Almennir borgarar úr röðum súnníta eru skotmörk þeirra en einnig berjast þær oft á tíðum um völd innbyrðis og sumar ráðast jafnvel gegn ráðuneytum ríkisstjórnarinnar.⁸³ Þær grafa undan valdi ríkisstjórnarinnar og öryggissveitum hennar sem og getu súnníta til að taka þátt í friðsamlegu pólitísku ferli. Baker o.fl. benda á að útbreiðsla þessara uppreisnarsveita gefi frá sér öflug skilaboð: Pólitískir leiðtogar þjóðarinnar geta einungis viðhaldið eða aukið við vald sitt njóti þeir stuðnings heraflla.

Öfgafullir ofbeldishópar eru í miklum mæli tengdir stjórnsýslunni á einhvern hátt. Sem dæmi um þetta má nefna Badr sveitina en hún tengist æðsta ráðinu (e. *supreme council*) í uppreisn íslam í Írak. Einnig hefur Badr sveitin löngum verið tengd íranska byltingarverðinum (e. *Iranian Revolutionary Guard Corps*).⁸⁴ Starf íranska byltingarvarðarins var að vernda byltingarstjórnina sem og að veita aðstoð við þjálfun hryðjuverkahópa innanlands sem utan. Byltingarvörðurinn heyrði undir varnarmálaráðuneyti Írans. Íranski byltingarvörðurinn var stofnaður í kjölfar íslömsku byltingarinnar árið 1979 sem tilraun til þess að sameina nokkra heraflla í einn sterkan sem væri hliðhollur hinni nýju ríkisstjórn.⁸⁵ Margir meðlimir Badr sveitarinnar hafa gengið til liðs við írösku lögregluna og á meðan þeir hafa klæðst einkennisbúningum öryggissveita hafa Badr menn tekið súnníta fyrir og ráðis á óbreytta borgara úr þeirra röðum.⁸⁶

Glæpamennska gerir einnig mörgum Írökum daglegt líf hreinlega óbærilegt. Rán, mannrán og morð eru algeng í stórum hluta landsins. Þess ber að geta að fjögur af 18 héruðum í landinu er talin mjög óörugg en í þessum fjórum héruðum búa um 40% af 26 milljón íbúum Íraks. Í höfuðborginni Baghdad er ofbeldi að stærstum hluta til á milli uppreisnarsveita súnníta og síta.⁸⁷ Íraska lögreglan hefur enga stjórn á öllum þeim glæpum sem eiga sér stað og hún hefur sjálf ítrekað tekið þátt í trúarlegu ofbeldi. Lögreglan heyrir undir svokallað innanríkisráðuneyti en það stendur frammi fyrir mikilli spillingu og samneyti við uppreisnarsveitir. Hún hefur heldur ekki nægjanlega stjórn á lögreglunni í héruðunum. Bæði Bandaríkin og ríkisstjórn Íraks gera sér fulla grein fyrir mikilvægi umbóta og hefur núverandi ráðherra innanríkisráðuneytisins sagst

⁸³ Baker o.fl., 2006, bls. 4

⁸⁴ Baker o.fl., 2006, bls. 5

⁸⁵ Global Security

⁸⁶ Baker o.fl., 2006, bls. 5

⁸⁷ Baker o.fl., 2006, bls 5-6

ætla að hreinsa til í lögreglunni og sjá til þess að þar séu engir uppreisnarmenn né afbrotamenn. En ráðherrann hefur litla reynslu af lögreglumálum og lítinn stuðning.⁸⁸

Írak er í dag fullvalda ríki með lýðræðislega kjörið fulltrúaráð (*e. Council of Representatives*). Írak hefur staðfest stjórnarskrá sína og hefur nú þegar hafið endurskoðunarferli til þess að ákvarða hvort það þurfi að gera stjórnarskrárbreytingar. Samsetningin á írösku ríkisstjórninni er einfaldlega trúarleg og lykilmenn innan hennar láta of oft stjórnast af trúarlegum hagsmunum. Leiðtogum bæði síta, súnníta og Kúrda hefur iðulega mistekist að sýna fram á pólitískan vilja til þess að vinna með hagsmuni allra Íraka að leiðarljósi. Allt of mörg ráðuneyti skortir getuna til að stjórna á áhrifaríkan hátt. Afleiðing þessa er enn veikara alríki en stjórnarskráin segir til um.⁸⁹ Þessir þættir geta minnkað möguleikann á upptöku lýðræðislegra stjórnarháttanna í Írak. Samkvæmt þessu er lýðræðispróunin í Írak í miklum vanda. Ef ekki tekst að lagfæra þetta ástand tiltölulega fljótt gætum við horft upp á hraðan viðsnúning aftur til einræðis. Bandaríkjamenn virðast hafa litla stjórn á ástandinu og nú þegar senn líður að brottflutningi herliðs þeirra gæti ástandið orðið enn verra.

5. Hugsanleg vandamál og lausnir

Lýðræðislegir stjórnarhættir geta skapað vandamál í héraðsskiptum löndum líkt og Írak. Vegna eðlilegrar spennu sem ríkir milli annars vegar löngunar í aukid vald og umboð á svæðisbundna stjórnþrepinu og þörf ríkisins til að viðhalda pólitískri einingu og stöðugleika á alríkisstiginu hins vegar. Þessi spenna á það til að að mynda gjá á milli ríkjandi pólitískra hópa.⁹⁰

Byman og Pollack (2003) telja eina mestu hindrun lýðræðis í Írak vera hugsanlegann möguleika meirihlutasamfélags síta að ráða yfir landinu. Óttast hefur verið að sítasamfélagið, sem samanstendur af 60% íbúa Íraks, gæti notað frjálssar kosningar til þess að umbreyta fyrrum útilokun þeirra frá völdum yfir í alger yferráð. Vitandi þetta gætu súnnítar og hugsanlega Kúrdar andmælt meirihlutastjórn. Þess vegna er það lykilatriði fyrir lýðræði í Írak að móta kerfi sem tekst á við hugsanleg vandamál sem geta fylgt miklum yferráðum meirihlutans á minnihlutanum. Írak þarfnast

⁸⁸ Baker o.fl., 2006, bls. 9-10

⁸⁹ Baker o.fl., 2006, bls. 12-3

⁹⁰ Day, 2006, bls. 132

lýðræðiskerfis sem hvetur til og stuðlar að málamiðlunum og samvinnu meðal meðlima sem annars væru í skýrt afmörkuðum hópum.⁹¹

Þrátt fyrir að staðsetning samfélaga sé þokkalega vel tengd landafræðilega, s.s. Kúrdar búa í norðurhluta landsins, sítar í suðri og súnnítar í vestri, eru einnig mikilvæg svæði sem liggja á víxl. Í Baghdad og á stórum hluta í miðju landsins búa Kúrdar, sítar og súnnítar allir saman. Með því að notast við kerfi sem byggir á landfræðilega völdum fulltrúum hvetur það löggjafa, sem kjörinn er frá þessum blönduðum svæðum, til að komast að samkomulagi og gera málamiðlanir um þjóðarvandamál til þess að reyna að þóknast öllum innan þessa blandaða kjördæmis frekar en einu þjóðarbroti.⁹²

Samkvæmt Byman og Pollack (2003) geta miklar hættur og stór vandamál fylgt illa hönnuðum þingræðiskerfum og þá sérstaklega hlutfallskosningakerfum fyrir Írak. Ef kosningar til löggjafans ákvarðast af áherslum á flokksaðild sem byggir á samfélagslegri samsemd, gæti það orðið til þess að löggjafinn hefði minni hvatningu til að reyna að ná samkomulagi þvert á flokkslínur og mun meiri hvata til þess að fylgja hugmyndafræði flokkanna þess í stað. Þetta er kerfi sem gæti átt það til að þrýsta löggjafanum út í öfgar. Írakar þurfa kerfi sem hvetur þá til að flytja sig nær miðjunni og komast að samkomulagi.⁹³

Hvað araba og múslima varðar þá hafa þeir nokkrar ástæður til þess að efast um þær stefnuyfirlýsingar sem bandarísk yfirvöld hafa haldið úti. Á meðan Bush, fyrrum Bandaríkjaforseti, hélt því fram að Bandaríkin myndu innleiða pólitískt og trúarlegt frelsi og jafnvel íslamskt lýðræði í Írak hélt varnarmálaráðherrann, Donald Rumsfeld, því fram að Írakar væru ekki frjálssir til að velja sér það stjórnkerfi sem þeir vilja. Fyrir múslima þýðir frelsi það að lifa samkvæmt eigin sannfæringu, eftir eigin gildum og trú en ekki eftir pólitískum óskum annarra. Khan (2003) telur að ef íraska þjóðin trúir því ekki að Bandaríkjaher sé að vinna að hagsmunum hennar og að reyna að koma á lýðræði til að hlúa að hagsmunum og pólitískri velferð þjóðarinnar mun hún ekki taka þátt í lýðræðisvæðingunni. Það mun augljóslega skapa mikil vandamál því ómögulegt verður að koma á stöðugu lýðræði án samvinnu við borgarana.⁹⁴

Íraskir leiðtogar halda því oft fram að þeir vilji ekki að landinu sé skipt í einingar. Hins vegar hefur komið í ljós að leiðtogar síta og Kúrda hafa ekki skuldbundið

⁹¹ Byman og Pollack, 2003, bls. 127

⁹² Byman og Pollack, 2003, bls. 128

⁹³ Byman og Pollack, 2003, bls. 128

⁹⁴ Khan, 2003, bls. 82

sig því að ná fram þjóðarsátt. Virtur sítaleiðtogi lét hafa eftir sér að núverandi ríkisstjórn nyti stuðnings um 80% þjóðarinnar, bersýnilega að súnnítum undanskildum. Írakar hafa ekki enn gert upp hug sinn um hvers konar stjórnarfar þeir vilja búa við en samt eru margir af valdamestu leiðtogum þjóðarinnar langt frá því að vinna að sameinuðu Írak.⁹⁵ Þetta gæti hugsanlega verið stórt vandamál þar sem að lýðræði mun ekki festast í sessi nema allir Írakar standi saman að uppbyggingu þess.

Baker o.fl (2006) segja öryggisástandið í Írak ekki geta batnað nema leiðtogar þjóðarinnar fari að vinna að þjóðarsátt. Leiðtogar síta verða að taka ákvörðun um að afvopna uppreisnarsveitir sínar. Eins verða súnnítar að taka ákvörðun um að ná markmiðum sínum á friðsamlegan pólitískan hátt en ekki með ofbeldisfullum uppreisnum. Þeir hafa enn ekki tekið neinar slíkar ákvarðanir og virðast ekki ætla að gera í bráð. Stjórnámálemenn úr röðum súnníta hafa sagt að Bandaríkjaher verði að taka á vandamálinu sem fylgir uppreisnarsveitunum og sítar segja að Bandaríkjaher verði að hjálpa þeim við að fjarlægja uppreisnarmenn súnníta. Niðurstaðan er því sú að sítar og súnnítar fylgjast hver með öðrum og uppreisnarmenn súnníta munu ekki leggja frá sér vopn nema uppreisnarsveitir síta séu afvopnaðar en þær munu ekki afvopnast fyrr en öllum uppreisnarmönnum súnníta hefur verið eytt. Því má segja að í Írak séu margir vel vopnaðir hópar og mjög lítill vilji til þess að leggja þau vopn frá sér. Eins og fram hefur komið eru uppreisnarsveitir mikið vandamál sem enn hefur ekki tekist að leysa. Maliki forsætisráherra hefur sagst munu taka á þessu vandamáli en hann hefur lítið gert til að minnka áhrif hersveitanna.⁹⁶

Samkvæmt Diamond (2005b) skilur meirihluti Íraka ekki hvað felst í flóknu eðli þrískiptingar valdsins, valddreifingu og réttindum minnihlutahópa. Því telur Diamond eina helstu ógnina við lýðræðisvæðinguna einmitt vera að svo margir Írakar, þá sérstaklega meðal síta meirihlutans sem löngum hefur verið bældur niður, líta á lýðræði sem kerfi þar sem meirihlutinn ræður og stjórnar óháð hagsmunum minnihlutans.⁹⁷ Þeir telja að meirihlutinn geti í raun stjórnað án þess að taka tillit til minnihlutans. En slíkt telst ekki lýðræðislegt og getur í raun snúist upp í andhverfu sína.

Í klofnu samfélagi líkt og í Írak, þar sem mikið er um vel vopnaða minnihlutahópa, telur Diamond (2005b) að lýðræðishugmynd sem þessi geti ekki verið hagkvæm. Áður en Írak getur orðið lýðræðislegt ríki þarf það fyrst að koma í veg fyrir

⁹⁵ Baker o.fl., 2006, bls. 19-20

⁹⁶ Baker o.fl., 2006, bls. 19

⁹⁷ Diamond, 2005b, bls. 314-5

ofbeldisverk vel vopnaðra minnihlutahópa sem og að ganga úr skugga um að meirihlutinn vaði ekki yfir minnihlutann. Til þess að þetta geti gerst þarf ekki einungis að styrkja hæfileika og getu herafllans, heldur einnig aga hans til þess að hann virði og hlýði valdi alríkisins og berjist allir sem einn til þess að verja það.⁹⁸ Diamond telur að því miður sé langt í að þessu takmarki verði náð. Mikilvægt er að ríkið þróa metnaðarfulla áætlun við að þjálfa og undirbúa heraflla sinn og öryggissveitir. Það verður einnig að koma á pólitísku kerfi þar sem borgarar með ólíka þjóðlega og trúarlega hollustu beri jafnmikla eða meiri tryggð til þjóðarinnar í heild sinni heldur en þeim hópi sem þeir tilheyra. Ennfremur verða stjórnmalaflokkar og leiðtogar sem eru fulltrúar mismunandi hópa að finna lausn sín á milli og ná samkomulagi um að deila með sér valdinu og hvernig megi hindra misnotkun þess. Það sem skiptir einnig miklu máli fyrir framvindu mála í Írak er að hvetja til þátttöku súnníta í stjórnmalum landsins.⁹⁹

Lýðræðisríki um heim allan sækjast eftir mismunandi stefnumótun sem tryggir að hver og einn stjórnmalaflokkur eða hópur finni fyrir pólitísku öryggi. Diamond (2005b) telur að eina leiðin til þess að tryggja þetta er að koma á kerfi sem byggir á valddreifingu, þar sem hverjum stjórnmalaflokki fyrir sig eru tryggðar ákveðnar ráðuneytisstöður og aðrar stöður innan ríkisstjórnarinnar. Allir helstu flokkarnir eru dregnir inn í þjóðstjórn og stórum minnihlutahópum er veitt ákveðið neitunarvald í meiriháttar stefnumálum.¹⁰⁰ Í sinni ítrustu mynd hefur kerfum sem þessum ekki vegnað vel í þróunarlöndum heldur hafa þau frekar, líkt og í Líbanon, klofið þjóðfélagshópa enn frekar þannig að pólitískur óstöðugleiki verður enn meiri og gæti jafnvel leitt til ofsafenginna átaka. Það er því á vissan hátt frekar kaldhæðnislegt og í raun mikið áhyggjuefni að bráðabirgðaríkisstjórnin í Írak hefur tileinkað sér nokkra af athyglisverðustu eiginleikum hins líbanska valddreifingarkerfis, eins og úthlutun á ráðuneytisstöðum eftir þjóðlegum kvóta og því samkomulagi að forseti og forsætisráðherra skuli ekki vera fulltrúar sama trúarhópsins.¹⁰¹

Þrátt fyrir að hugsanleg vandamál geti komið upp í lýðræðisvæðingunni í Írak er ekki þar með sagt að engar lausnir sé til á þeim. Diamond (2005b) telur að sérkenni lýðræðis í Írak ætti að innihalda í fyrsta lagi skilgreiningu á réttindum allra einstaklinga

⁹⁸ Diamond, 2005b, bls. 315-6

⁹⁹ Diamond, 2005b, bls. 316

¹⁰⁰ Diamond, 2005b, bls. 317

¹⁰¹ Diamond, 2005b, bls. 317

og takmarka misnotkun af hálfu alríkisins. Sérstaklega ætti að tryggja mál-, funda-, trú- og eignafrelsi. Í öðru lagi þarf staðhæfingu um að allt vald sem ekki er áskilið alríkinu verði falið sveitarstjórnunum til þess að þrengja enn frekar að alríkinu. Í þriðja lagi þarf að auka valddreifingu innan skipulags alríkisins til þess að takmarka völd þess og þá sérstaklega að takmarka möguleika einstakra hópa til að misnota það og kúga aðra meðlimi íraskis samfélags. Í fjórða lagi þarf að kjósa forseta óbeint til þess að tryggja að mismunandi samfélög geti haft áhrif á það hver sé kosinn. Írak ætti sérstaklega að líta til annarra kerfa eins og til að mynda eru í Malasíu. Þar er kerfi sem kappkostar að tryggja að allir frambjóðendur séu ásættanlegir í mörgum kjördæmum, en ekki einfaldlega troðið upp á þjóðina af meirihlutanum, þvert á hagsmuni minnihlutans. Í fimmta og síðasta lagi ætti að notast við hlutfallskerfi í löggjafanum sem ákvarðast af landfræðilegum þáttum en ekki vegna einskærra flokkstengsla, líkt og fyrirfinnst í mörgum þingræðiskerfum, til þess að stuðla að samvinnu þvert á þjóðlegar og trúarlegar línur. Þessi síðasti punktur er sérstaklega mikilvægur fyrir lýðræðisþróun í Írak.¹⁰²

6. Framkvæmd kosninga í Írak

6.1 Kosningar 2005

Fyrstu kosningarnar eftir fall Saddams Hussein af valdastóli voru haldnar 30. janúar 2005. Mikill ótti vegna hryðjuverkaárása fylgdi þessum kosningum. Flokkur Zarqawi, leiðtoga Al Qaeda, gaf út viðvaranir til þeirra er hugðust mæta á kjörstað því litið yrði á kjósendur sem lögmæt skotmörk. Viðvaranirnar náðu tilskildum árangri en einungis á svæðum þar sem súnnítar ráða ríkjum. Ákveðið óumdeilanlegt mynstur mátti lesa úr niðurstöðum kosninganna því mjög áberandi var að kjörsókn í Kúrda- og sítahéruðum var mjög góð, jafnvel allt að 80% í síta héruðunum og 90% í Kúrdistan. Aftur á móti var kjörsókn í héruðum súnníta mjög lág, í Mosul t.d. var kjörsókn ekki nema 10% og af þeim voru flestir Kúrdar. Þannig endurspegluðu úrslit kosninganna samsetningu hins pólitíska samfélags Íraks innan héraðanna. Þeir sem kusu gerðu það sem sítar og Kúrdar og þeir sem kusu ekki gerðu það sem súnnítar. Þessi skekkja í kosningamynstrinu hafði þannig áhrif á úthlutun sæta á þinginu.¹⁰³ Kosið var um 275 sæti til þingsins en það myndar framkvæmdavaldið. Einnig var kosið til héraðsráða í öllum 18 héruðum

¹⁰² Diamond, 2005b, bls. 317

¹⁰³ Stansfield, 2007, bls.182

landsins er skyldu sitja í fjögur ár í senn auk svæðisþings Kúrda en þar var kosið um 111 sæti. Notast var við hlutfallskosningar með lokuðum listum. Kjósendur kusu á milli ýmissa pólitískra framboða. 111 slík framboð var að finna á kjörseðlinum en þar af voru níu fjölflokka bandalög.¹⁰⁴ Af þeim 275 þingsætum sem í boði voru fékk United Iraqi Alliance (UIA) 140 sæti en flokkurinn var bandalag síta flokka. Stærsta hlutfall sæta sem úthlutað var til súnnítafloksks voru fimm talsins. Niðurstöður kosninganna komu sítum og Kúrdum fyrir í hæst settu stöðunum enda voru þeir með yfirgnæfandi meirihluta.¹⁰⁵ Þetta misvægi í niðurstöðu kosninganna myndaði ójafnvægi í samsetningu aðila fulltrúaráðsins sem hélt um löggjafar- og framkvæmdavaldið og var nú að mestu skipað fulltrúum úr röðum trúarsamfélags síta og stjórnmalaflokkum Kúrdistan. Afleiðing þessa í raun, með hliðsjón af pólitískri sögu Íraks, var að þeir sem áður höfðu verið í minnihluta undir samfelldum ríkisstjórnnum meirihluta súnníta, réðu nú pólitískri framvindu mála í Baghdad meðan fyrri valdhafar voru í miklum minnihluta og háðir velvild síta og Kúrda varðandi alla þátttöku í framkvæmdavaldi hins nýja fyrirkomulags.¹⁰⁶

Sumarið 2005 átti að semja nýja stjórnarskrá og eins og búist var við komust sítar og Kúrdar að sameiginlegri niðurstöðu en súnnítar voru á móti öllu því sem þeir lögðu fram. Miklar deilur áttu sér stað um nýju stjórnarskrána og á tímabili leit út fyrir að hún yrði ekki samþykkt, því súnnítar gerðu allt sem þeir gátu til að koma í veg fyrir samþykktina. Það tókst þeim ekki og ný stjórnarskrá var samþykkt með litlum meirihluta. Nú þegar stjórnarskráin hafði verið samþykkt var boðað til „loka“kosninga 15. desember 2005. Þá var kosið um þjóðstjórn er skyldi sitja í fjögur ár samkvæmt bráðabirgðastjórnsýslulögunum. Hvert hérað lét af hendi fyrirfram ákveðinn fjölda sæta til fulltrúaráðsins (e. *Council of Representatives*). Forskrift þessi var tekin upp til þess að laða að súnníta-hluta þjóðarinnar og fá þá til aukinnar kosningaþátttöku. Af þeim 275 sætum, sem voru í boði, var 230 úthlutað hlutfallslega til hinna 18 héraða Íraks, auk 45 jöfnunarsæta fyrir aðila sem hefðu unnið viðbótarsæti hefði landið allt verið eitt kjördæmi. Það voru 361 pólitískar einingar, þar með talin 19 fjölflokka bandalög, sem kepptu um þau sæti sem í boði voru. Kjósendur kusu eftir listum sem komu fram fyrir hönd þeirra sértrúarsöfnuðar eða héraðs. Í þessum kosningum voru sítar og Kúrdar enn

¹⁰⁴ Katzman, 2009, bls. 1

¹⁰⁵ Stansfield, 2007, bls.182

¹⁰⁶ Stansfield, 2007, bls.183

á ný áhrifamestir.¹⁰⁷ Þess má þó geta að augljós aukning átti sér stað í sætafjölda sem úthlutað var til súnníta þrátt fyrir að sama kosningamynstur virtist endurtaka sig frá kosningunum í janúar. UIA var áhrifamesti flokkurinn á þinginu með flest sæti, eða 128 talsins, þar á eftir kom listi Kúrda með 53 sæti. Hins vegar náði Iraqi Accord Front sem samanstóð af ýmsum súnnítaflokkum og var stofnaður í október 2005 að tryggja sér þriðja stærsta hlutfall sæta eða 44 talsins. Þessi aukning þingsæta hjá súnnítum veitti þeim vald, sem sítar og Kúrdar gátu ekki annað en tekið tillit til. Samt sem áður virtist aukið jafnvægi innan þingsins einungis leiða til aukinna vandræða við hið pólitíska ferli fremur en að auðvelda það.¹⁰⁸

Bandaríkjastjórn taldi kosningarnar 2005 vel heppnaðar þrátt fyrir að ekki tókst að finna lausn á umkvörtunarefnum í íröskum samfélögum um nýja stöðu þeirra í hinu nýja valdakerfi að lokinni valdasetu Saddams. Hugsanlega má þó rekja það til þess að kosningarnar voru haldnar við bágar aðstæður þar sem uppreisnir og deilur trúarlegra hópa stóðu yfir.¹⁰⁹ Tveimur mánuðum eftir kosningarnar hafði enn ekki tekist samkomulag um samsetningu hinnar nýju ríkisstjórnar Íraks og tilnefningu lykilaðila að meðtöldum forsætisráðherra og forseta. Það var ekki fyrr en 22. apríl sem Nouri al-Maliki var skipaður í embætti forsætisráðherra.¹¹⁰

Nouri al-Maliki er hluti af síta samfélaginu og er háttsettur innan Dawa flokksins. Dawa flokkurinn hefur mikil áhrif í íröskum stjórnámálum, en hann er hluti af UIA flokksbandalaginu sem áður hefur verið nefnt. Maliki gekk til liðs við Dawa flokkinn á 8. áratugnum og tók virkann þátt í andspyrnuhreyfingu síta gegn Saddam Hussein og ríkisstjórn hans. Upp komst um starf Malikis innan andspyrnuhreyfingarinnar árið 1980, og fyrir það var hann dæmdur til dauða. Áður en dauðadóminum var framfylgt náði Maliki að flýja land og settist hann að í Sírylandi. Maliki snéri ekki aftur til Íraks fyrr en eftir að ríkisstjórn Saddams féll við innrás Bandaríkjahers árið 2003. Allt frá því að Maliki snéri aftur til Íraks hefur hann tekið virkan þátt í enduruppbyggingu á írösku þjóðfélagi og hjálpaði hann meðal annars til við að skrifa bráðabirgðastjórnarskránnar sem rituð var að stríðinu loknu.¹¹¹ Nouri al-Maliki hefur gengt hlutverki forsætisráðherra frá apríl 2006 og virðist sem völd hans innan ríkisstjórnarinnar fari sífellt vaxandi.

¹⁰⁷ Katzman, 2009, bls. 2-3

¹⁰⁸ Stansfield, 2007, bls.187-188

¹⁰⁹ Katzman, 2009, bls. 2-3

¹¹⁰ Stansfield, 2007, bls.190

¹¹¹ Raz, 2006.

Það má segja að lykillagasetningar á árinu 2008, auk batnandi öryggisástands, hafi orðið til að styrkja pólitíska stöðu Malíkis forsætisráðherra til mikilla muna. Þetta varð til þess að sumir andstæðingar hans reyndu að halda aftur af þessu valdi.¹¹² Í mars 2008 skipaði Malíki fyrir um árás á helstu pólitísku andstæðinga sína og vígamenn í Basra og nágrenni. Síðan stillti hann til friðar og veikti stöðu þessara andstæðinga sinna það mikið að sumir súnnítar og Kúrdar tóku að líta á Malíki sem óhlutdrægan og ótengdan sértrúarhópum. Vaxandi styrkur Malíkis hefur hins vegar ollið áhyggjum jafnvel á meðal fyrrverandi pólitískra bandamanna hans. Kúrdar sem eru lykilstuðningsmenn Malíkis eru í auknum mæli á skjön við forystu hans vegna myndunar ráða til stuðnings ættflokum í norðurhluta landsins sem rekin eru af ríkinu. Kúrdarnir líta á þetta sem tilraun til þess að koma í veg fyrir að þeir öðlist yfirráð yfir umráðarsvæðum sem ágreiningur ríkir um. Malíki var sakaður um að útiloka stóran hluta þingsins frá allri ákvarðanatöku og í kjölfar þess var reynt að lýsa yfir vantrausti á hann. Það gekk ekki eftir og hafa andstæðingar hans enn þann dag í dag ekki getað komið sér saman um hver ætti að taka við af honum sem forsætisráðherra og er það talin ástæðan fyrir því að Malíki hefur haldið embætti sínu frá árinu 2006 til dagsins í dag.¹¹³

6.2 Kosningar 2009

Litið hefur verið á nýafstaðnar héraðskosningar (e. *provincial elections*) 31. janúar 2009 sem styrkingu á ferlinu til pólitískra sátta í Írak. Samkvæmt lögum settum árið 2008 eiga héraðsráðin í Írak að velja fylkisstjóra og héraðsstjórnir í hverju héraði. Þetta gerir héraðsráðin að mjög valdamiklum aðilum. Það þótti mikill sigur út af fyrir sig að nánast ekkert ofbeldi átti sér stað á kjördag og fóru kosningarnar tiltölulega friðsamlega fram. Um 14.500 frambjóðendur kepptu um þau 440 héraðsráðssæti sem í boði voru í hinum 14 arabaríkjandi héruðum í Írak. Þess má geta að um 4000 þessara frambjóðenda voru konur.¹¹⁴ Meðalsætafjöldi í hverju héraði var um 30 en það er töluverð fækkun frá árunum 2005-2009 því þá voru þau 41. Þó hefur Bagdad hérað 57 sæti í sínu ráði. Þetta þýðir að meira en 30 frambjóðendur eru um hvert sæti og sumir myndu segja þetta mikinn áhuga fyrir lýðræði í Írak. Hins vegar mun fækkun sæta verða til þess að margir eiga á hættu að verða ekki endurkjörnir.¹¹⁵

¹¹² Katzman, 2009, bls. 3

¹¹³ Katzman, 2009, bls. 3

¹¹⁴ Katzman, 2009, bls. 4

¹¹⁵ Katzman, 2009, bls. 4-5

Kjósendur höfðu kost á að kjósa aðeins flokkslista eða einstaka frambjóðendur (þeir verða þó hins vegar að kjósa flokkslista þess frambjóðanda líka). Þetta verklag hvetur til kosninga á flokkslistum en ekki einstaklingum sem leiðir af sér að stjórn mála flokkarnir hafa almennt þann möguleika að velja hver á þeirra lista muni taka sæti er þeirra flokki hefur verið úthlutað. Kosningakerfi sem þetta er talið vera stórum og vel skipulögðum flokkum í hag vegna þess að minni flokkar gætu ekki náð lágmarksatkvæðafjölda til þess að öðlast sæti í ráðinu í sínu héraði. Þetta kosningakerfi var talið líklegt til að draga úr vonum sumra Íraka um að kosningar myndu veikja stöðu íslamskra flokka bæði súnníta og síta, en þeir hafa yfirgnæft stjórn málin eftir valdatíð Saddams.¹¹⁶

Um 17 milljónir Íraka höfðu kosningarétt og allir Írakar eldri en 18 ára voru kjörgengir. Ofbeldi fyrir kosningarnar var í lágmarki þrátt fyrir að nokkrir frambjóðendanna og starfsmenn við kosningarnar hafi verið drepnir. Það voru nánast engin stórfelld ofbeldisatvik á kjördaginn sjálfan eins og áður hefur komið fram. Öryggissveitir Íraks (*e. Iraqi security forces*) sáu um að vernda kjörstaði og höfðu herlið Bandaríkjamanna í bakhöndinni ef þeirra væri þörf. Kjörsókn var um 51% og er það töluvert lægra en margir áttu von á og sumir kjósendur kvörtuðu yfir því að vera vísað frá kjörstöðum vegna þess að nöfn þeirra voru ekki á skrá. Enn aðrir kjósendur höfðu verið landflótta vegna ofbeldis trúarhópa á árum áður og gátu ekki kosið á nýjum dvalarstöðum sínum. Heildarfjöldi atkvæða er nú þekktur og fyrir apríl 2009 mun nákvæm úthlutun sæta ásamt samsetningu ráða og héraðsstjórna verða ákveðin.¹¹⁷

Innan sex mánaða er áætlað að kjördæma- og undirkjördæmakosningar eigi sér stað. Einnig á að halda sveitastjórnarkosningar í þremur héruðum þar sem Kúrdar fara með yfirráð sem og í hinu mjög svo umdeilda héraði Kirkuk. Ennfremur á að halda aðrar þjóðarkosningar síðla árs 2009 eða um það leyti sem kjörtímabili núverandi fulltrúaráðs lýkur. Þær kosningar munu svo ákvarða þjóðarleiðtoga Íraks næstu fjögur árin.¹¹⁸

¹¹⁶ Katzman, 2009, bls. 5

¹¹⁷ Katzman, 2009, bls. 5

¹¹⁸ Katzman, 2009, bls. 7

7. Getur Írak orðið að lýðræðisríki?

Byman og Pollack (2004) telja að fullþroskað lýðræði í Írak bjóði upp á besta möguleikann til þess að leysa vandamál þjóðarinnar til lengri tíma litið. Lýðræði gæti verið grundvöllur fyrir þjóðernis- og trúarlega hópa til að ná sáttum eða alltént búa til pólitískt gangverk sem tekur á deilum án átaka og valds. Það myndi skapa lögmæta íraska ríkisstjórn sem ekki myndi á neinn hátt kúga almenning heldur myndi í þess stað vinna fyrir Íraka alla sem einn. Í fyrsta sinn í sögu landsins myndi ríkisstjórnin starfa til að auðga líf borgara sinna fremur en að auðga sjálfa sig á kostnað borgara sinna.¹¹⁹

Þegar spurt er hvort Írak getur orðið lýðræðislegt þá telur Basham (2004) að vissulega sé það mögulegt til lengri tíma litið. Hins vegar til styttri tíma litið, eða næstu tveggja til þriggja áratuga, mun það ótvírætt verða mun erfiðara en nokkur starfsmaður Hvíta hússins gerði sér upphaflega grein fyrir. Að vissu leyti mun það verða erfiðara vegna þess að verkefnið snýst ekki einungis um að koma á kosningalýðræði eða rétti til að kjósa og þingræðislegum stofnunum. Þetta verkefni snýst í raun um að koma á frjálslyndu lýðræði, kosningalýðræði auk löggjafarvalds, sjálfstæðu dómskerfi, aðskilnað trúarlegs og veraldlegs valds, stofnanalegri valddreifingu, borgaralegri stjórn yfir hernum sem og funda-, trú-, eigna- og málfrelsi og síðast en ekki síst verndun á réttindum minnihlutahópa.¹²⁰ Það er ekki fyrr en borgararnir styðja lýðræðislegt verklag og sætta sig við lögmæti lýðræðislega kjörinna ríkisstjórna að ríki geti talist lýðræðislegt í raun og veru.¹²¹

Diamond (2005b) telur telur þó að spurningin hvort Írak geti orðið að lýðræðisríki ákvarðist af því hvort hægt verði að ná þeim punkti þar sem allir þeir hópar, sem hafa burði til að kollvarpa, koma úr jafnvægi eða að öðru leyti grafa undan kerfinu, sætti sig í stað þess við það og trúu því að það þjóni hagsmunum þeirra best. Einnig segir Diamond að það sem skiptir máli þegar kemur að ákvarðanatökufurlinu er ekki hvaða gildi eru leiðtogunum kær heldur hvaða raunhæfu skref þeir eru tilbúnir að stíga. Ef þeir geta komið sér saman um stjórnarskrárlegar ráðstafanir sem þjóna hagsmunum allra hópa og sem skynsamlega byggja upp og takmarka vald þá er hugsanlegt að lýðræði festi rætur.¹²²

¹¹⁹ Byman og Pollack, 2003, bls. 134

¹²⁰ Basham, 2004, bls. 17

¹²¹ Basham, 2004, bls. 17

¹²² Diamond, 2005b, bls. 318

Til þess að lýðræðisleg þróun geti orðið, jafnvel þótt það sé upphaflega í gegnum langt tímaskeið hálf-lýðræðis þar sem kosningar eru ekki að fullu frjálsar og sanngjarnar og löggjöf er veikbyggð og ótraust, eru tvö skilyrði nauðsynleg: Pólítískt valdajafnvægi verður að vera til staðar á milli íraskra hópa og helstu stjórnámamenn og flokkar landsins verða að vera raunsærir og sveigjanlegir.¹²³

¹²³ Diamond, 2005b, bls. 320

Niðurstöður

Líkt og fram hefur komið í þessari ritgerð eru lýðræðislegir stjórnarhættir í mikilli sókn og lýðræðisríkjum fer sífellt fjölgandi. Hins vegar telst það nokkurt áhyggjuefni að svokallað ófrjálslynt lýðræði virðist vera að festa sig í sessi á kostnað frjálslynds lýðræðis. Mið-Austurlönd hafa ekki náð að fylgja þessari lýðræðisvæðingu eftir og er lítið um lýðræðislegar ríkisstjórnir á svæðinu. Það má segja að innrás Bandaríkjanna í Írak árið 2003 hafi markað upphaf lýðræðisþróunar þar í landi. Hins vegar er óneitanlega hægt að halda því fram að stór hluti aðgerða Bandaríkjanna hafi verið misheppnaður á einhvern hátt; þeim tókst í raun og veru ekki ætlunarverk sitt, að koma einræðisstjórn frá völdum og byggja upp lýðræði þess í stað á stuttum tíma. Þetta má að einhverju leyti rekja til þess að þegar á hólminn var komið voru aðstæður í Írak mjög frábrugðnar því sem Bandaríkjastjórn hafði gert ráð fyrir. Þó er mikilvægt að fara varlega í yfirlýsingum því ekki var nú allt það starf sem bandaríski herinn vann af hendi slæmt. Í raun má segja að það sé Bandaríkjunum að þakka að frjálsar kosningar hafa verið haldnar í Írak og þrátt fyrir að fullkomið lýðræði sé ekki enn til staðar þá hefur grunnur þess verið lagður.

Líkt og umfjöllun mín gefur til kynna hefur gengið á mörgu í lýðræðisvæðingunni í Írak. Það eru margir þættir sem hugsanlega gætu komið í veg fyrir upptöku lýðræðislegra stjórnarháttanna og margir þættir sem gera lýðræðisvæðingunni erfitt fyrir án þess að í raun hindra hana. En þrátt fyrir þetta býr Írak yfir mörgum góðum kostum sem hægt er að nýta til að byggja upp lýðræðislegt samfélag.

Hvernig er þá staðan í dag? Í raun er svarið við þessari spurningu tvíþætt. Það hefur tekist að koma á lýðræði í Írak að hluta til. Síðan innrás Bandaríkjanna átti sér stað hefur ný stjórnarskrá verið rituð og samþykkt með þjóðaratkvæðagreiðslu. Það hefur tekist að koma á kosningalýðræði í Írak og þegar hafa verið haldnar frjálsar kosningar og eru allir einstaklingar 18 ára og eldri kjörgengir. Kosningalýðræði er stórt skref í rétta átt að fullri lýðræðisvæðingu í Írak. Kosningaferlið er talið hafa heppnast mjög vel og eru Bandaríkjamenn ánægðir með framvindu mála hvað frjálsar kosningar varðar. Þrátt fyrir að frjálsar kosningar sem þessar séu mikið fagnaðarefni verður það að viðurkennast að kosningaferlið í Írak eins og það er nú myndi ekki vera ásætlanlegt í vestrænum lýðræðisríkjum. Í kosningunum í janúar sl. voru nokkrir frambjóðendur og starfsmenn kosninganna myrtir. Þrátt fyrir þetta héldu Bandaríkjamenn því fram að

kosningarnar hefðu gengið mjög vel. Athugasemd mætti þó gera við þetta. Ef slíkt hið sama hefði gerst í kosningum vestrænna lýðræðisríkja hefði það verið grafalvarlegt mál og eflaust haft meiri áhrif á framvindu kosninganna þar en raun bar vitni í Írak. Þó hlýtur að vera ástæða fyrir því að Bandaríkin litu nánast framhjá atvikum sem þessum í írösku kosningunum. Ástæðan gæti jafnvel verið sú að þeir geri í raun langtum minni kröfur til kosningaferlisins í Írak en á Vesturlöndum, alla vega enn sem komið er. Því má segja að vissulega hefur tekist að koma á kosningalýðræði í Írak en samt sem áður er enn langt í að kosningalýðræði þar sé sambærilegt kosningarlýðræði vestrænna ríkja. Þrátt fyrir að tekist hefur að festa þennan þátt lýðræðis í sessi er ástandið í Írak enn mjög alvarlegt.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin sé lýðræðislega kjörin hefur henni ekki tekist að stuðla að þjóðarsátt, né tryggja íbúum grundvallar öryggi og þjónustu. Ofbeldisstigið er mjög hátt og hefur slíkt öryggisleysi hindrað efnahagslega þróun og uppbyggingu þjóðarinnar. Getuleysi stjórnvalda til að sporna við auknu ofbeldi sýnir fram á litla lýðræðislega þróun í Írak hvað þetta varðar því ástand sem þetta á ekki að viðgangast í lýðræðisríki. Uppreisnarsveitir hafa grafið undan valdi ríkisstjórnarinnar og öfgafullir ofbeldishópar tengjast stjórnsýslunni í miklum mæli. Mikil spilling er innan lögreglunnar og í raun stjórnsýslunnar allrar ásamt því að lykilmenn ríkisstjórnarinnar láta oft stjórnast af sínum eigin hagsmunum umfram hagsmuni þjóðarinnar. Einnig skapa harðvítugar deilur milli ættflokka stórt vandamál, oft á tíðum eru blóðug átök milli þeirra, og stöðug barátta um völd á þinginu grefur undan pólitískum stöðugleika. Sú staðreynd að íraskar konur njóta ekki fullra réttinda innan þjóðfélagsins gefur til kynna að lýðræði sé ekki til staðar í Írak og mun ekki vera það í framtíðinni nema breytingar verði á þessu.

Af þeirri umfjöllun sem fram hefur farið í ritgerð þessari má draga þær ályktanir að lýðræðisþróun í Írak sé í miklum vanda. Staðan er mjög viðkvæm og lítið þyrfti til að kollvarpa öllu og snúa aftur til fyrra horfs. Aukin umsvif síta í stjórnámálum gætu orðið til þess að meirihluti íraska samfélagsins hreinlega vaði yfir minnihlutann. Og spilling og átök innan ríkisstjórnarinnar skapar lítið umhverfi fyrir lýðræðislega stjórnarhætti.

Því er svarið við rannsóknarspurningunni, sem sett var fram hér í upphafi þessarar ritgerðar: Vissulega hefur tekist að koma á einhverjum þáttum lýðræðislegs stjórnkerfis í Írak líkt og frjálsum kosningum. Hins vegar eru lítil merki um lýðræðislegt stjórnarfar í Írak hvað aðra þætti varðar. Stofnanalegt lýðræði er nánast ekki til staðar,

ríkisstjórnin lætur stjórnast af eigin hagsmunum og mikil spilling er í hinu opinbera kerfi. Grundvallar réttindi allra í samfélaginu eru ekki til staðar. Lýðræðisþróunin er mjög stutt komin og mikil vinna er framundan sé takmarkið að koma á viðurkenndum lýðræðisháttum í Írak.

Þrátt fyrir að lýðræði hafi ekki enn verið komið á í Írak og þar hafi ekki tekist að koma á lýðræðislegum stjórnháttum að fullu er mikilvægt að gefast ekki upp. Eins og komið hefur fram í umfjöllun minni hefur íraska þjóðin upp á margt að bjóða og ætti með vissum breytingum að geta tekið upp lýðræði að fullu í framtíðinni. Möguleikinn er vissulega til staðar til lengri tíma litið. Mikilvægt er þó að hafa í huga að þrátt fyrir að Írak geti orðið lýðræðislegt þarf ekki að vera að íraska þjóðin vilji búa við lýðræði. Þrátt fyrir að lýðræði hafi reynst vestrænu heimsveldunum vel þarf slíkt hið sama ekki að eiga við Mið-Austurlönd. Um er að ræða tvo ólíka menningarheima, það stjórnkerfi sem hentar á öðrum staðnum þarf ekki að henta á hinum. Þrátt fyrir að það sé vilji vestrænu heimsveldanna að koma á stöðugleika í Mið-Austurlöndum og koma á lýðræði verða þau kannski að sætta sig við að það sé einfaldlega ekki þeirra hlutverk. Saga lýðræðis í Írak er óskrifað blað, svo stutt á veg komin að erfitt er að spá fyrir um framhaldið. Augljóst er að grundvöllur fyrir lýðræðislegu samfélagi er til staðar þegar til lengri tíma er litið. En hvort íraska þjóðin vilji yfir höfuð taka upp lýðræðislega stjórnarhætti er önnur spurninga og stærri. Bandaríkin hafa lagt grunninn að lýðræðislegum stjórnarháttum í Írak og nú er það undir Írökum sjálfum komið að móta sína eigin pólitísku framtíð hvort sem það á endanum leiði til lýðræðis eða ekki.

Heimildaskrá

- Baker, J. A., Hamilton, L. H., Eagleburger, L. S., Jordan, V. E., Meese, J. E., O'Connor, S. D. o.fl. (2006). *The Iraq Study Group Report*. New York: Vintage Books.
- Basham, P. (2004, 5. janúar). Can Iraq be Democratic? *Policy Analysis*, grein 505. Sótt 9. október, 2008 af <http://aceproject.org/ero-en/regions/mideast/IQ/pa505.pdf/view>
- Byman, L. D., og Pollack, M. K. (2003). Democracy in Iraq? *The Washington Quarterly*, 26, 119-136. Sótt 5. janúar 2009 af http://www.twq.com/03summer/docs/03summer_bymanpollack.pdf
- Day, S. (2006). Barriers to Federal Democracy in Iraq: Lessons from Yemen. *Middle East Policy Council*, 13, 121-139. Sótt 5. janúar 2009 af <http://www3.interscience.wiley.com/cgi-bin/fulltext/118584315/PDFSTART>
- Democratic Principles Work Group. (2002). *The Transition to Democracy in Iraq*. Sótt 9. október 2008 af <http://www.iraqfoundation.org/studies/2002/dec/study.pdf>
- Diamond, L. (2005a, janúar). Building Democracy After Conflict: Lessons from Iraq. *Journal of Democracy*, 16, 9-23. Sótt 13. febrúar af <http://www.journalofdemocracy.org/articles/gratis/Diamond-16-1.pdf>
- Diamond, L. (2005b). *Squandered Victory: The American Occupation and the Bungled Effort to Bring Democracy to Iraq*. New York: Henry Holt and Company, LCC.
- Dobbins, J., McGinn, J.G., Crane, K., Jones, S. G., Lal, R., Rathmell, A. o.fl. (2003). *America's Role In Nation-Building: From Germany To Iraq*. California: RAND.

- Enterline, J. A., og Greg, M. J., (2008). Against All Odds? The History of Imposed Democracy and the Future of Iraq and Afghanistan. *Foreign Policy Analysis*, 4, 321-347. Sótt 13. Febrúar 2009 af <http://www3.interscience.wiley.com/cgi-bin/fulltext/121411366/PDFSTART>
- Global Security. *Pasdaran-Iranian Revolutionary Guard Corps (IRCG)*. Sótt 22. Apríl 2009 af <http://www.globalsecurity.org/military/world/iran/pasdaran.htm>:
- Hague, R. og Harrop, M. (2004). *Comparative Government and Politics*. New York: Palgrave Macmillan.
- Hippler, J. (2005). Nation-building by Occupation? – The Case of Iraq. Í Hippler, J. (Ritstj.), *Nation-building: A Key Concept for Peaceful Conflict Transformation?* (bls. 81-87). London: Pluto Press.
- Isakhan, B. (2007). Engaging „Primitive Democracy“: Mideast Roots of Collective Governance. *Middle East Policy*, 14, 97-117. Sótt 5. janúar 2009 af http://findarticles.com/p/articles/mi_qa5400/is_200710/ai_n21295324/
- Katzman, K. (2009, 25. mars). *Iraq: Politics, Elections, and Benchmarks*. Washington: Congressional Research Service. Sótt 2. apríl 2009 af <http://www.fas.org/sgp/crs/mideast/RS21968.pdf>
- Khan, M. (2003). Prospects for Muslim Democracy: The Role of U.S. Policy. *Middle East Policy*, 10, 79-89. Sótt 5. janúar 2009 af <http://www3.interscience.wiley.com/cgi-bin/fulltext/118893142/PDFSTART>
- Krastev, I. (2006, apríl). New Threats to Freedom: Democracy's „Doubles“. *Journal of Democracy*, 17, 52-62. Sótt 10. október 2008 af http://pdc.ceu.hu/archive/00003194/01/democracy+s_doubles.pdf
- Kristín Ásgeirsdóttir. (2004). Frá fulltrúalyðræði til þátttökulyðræðis. *Ritið*, 4, (bls. 81-112).

- Noorbaksh, M. (2008). Shiism and Ethnic Politics in Iraq. *Middle East Policy*, 15, 53-65. Sótt 20. janúar af <http://www3.interscience.wiley.com/cgi-bin/fulltext/120087609/PDFSTART>
- Raz, G. (2006, 27. júlí). Nouri Al-Maliki's Rise to Leadership. *National Public Radio*. Sótt 24. apríl 2009 af <http://www.npr.org/templates/story/story.php?storyId=5581690>
- Saikal, A. (2003). Democracy and peace in Iran and Iraq. Í Saikal, A., Schnabel, A. (Ritstj.), *Democratization in the Middle East* (bls. 166-183). Tokyo: United Nations University Press.
- Stansfield, G. (2007). *Iraq: People, History, Politics*. Cambridge: Polity Press.
- Zakaria, F. (1997, nóvember/desember). The Rise of Illiberal Democracy. *Foreign Affairs*, 76, 22-43. Sótt 13. október 2008 af <http://www.f.waseda.jp/pbacon/files/temple/illiberaldemocracy.pdf?Ver=1&Exp=09-29-2012&FMT=7&DID=22542772&RQT=309&cfc=1>